# FRÉTTABLAÐIÐ

257. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 31. OKTÓBER 2016




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ræddu saman í síma í gær

**Formenn Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks hafa rætt saman óformlega um mögulegt ríkisstjórnarsamstarf með Viðreisn. Forseti Íslands hefur boðað alla formenn flokkanna sem náðu á þing á sinn fund í dag.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur haft samband við Óttarr Proppé, formann Bjartrar framtíðar um mögulega myndun nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Ríkisstjórn þessara þriggja flokka hefði mjög nauman meirihluta, 32 þingmenn.

Sjálfstæðisflokkur og Viðreisn unnu mikinn sigur í kosningum helgarinnar. Sjálfstæðisflokkur bætti við sig þremur þingmönnum og Viðreisn kemur ný inn á þing með rúmlega 10 prósenta fylgi og sjö kjörna þingmenn. Vinstri græn eru næststærsti flokkur landsins með 10 þingmenn. Þeir fjórir flokkar sem lýst höfðu yfir vilja til myndunar ríkisstjórnar að loknum kosningum náðu ekki meirihluta og fengu samtals 27 þingmenn. Samfylkingin galt afhroð, fékk þrjá þingmenn kjörna en jafnaðarmenn hafa aldrei mælst lægri á Íslandi. Framsóknarflokkurinn náði líka sögulegu lágmarki með átta þingmenn kjörna og 11,5 prósent.

Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, segir ekki um marga kosti að ræða í stöðunni. „Við höfum áður sagt að við útilokum ekkert þó mikið þurfi að ganga á til að við göngum til samstarfs með Framsóknarflokki,“ segir Björt. „Það er litið sem ber í milli okkar og Viðreisnar og það hefur verið að koma betur og betur í ljós í kosningabaráttunni. Afdráttarlausar yfirlýsingar annarra formanna hafa einnig fækkað mögulegum ríkisstjórnarmyndunum þannig að það er ekki um marga aðra kosti að ræða.“

> **32**
> er samanlagður þingmannafjöldi Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, vildi hvorki játa því né neita hvort hann hafi átt samtal við Bjarna Benediktsson í gær. „Ég er á þeirri skoðun að stjórnarmyndunarviðræður eigi ekki að eiga sér stað á síðum blaðanna. Við verðum að vanda til verka,“ segir Benedikt.

Þrjátíu konur munu taka sæti á Alþingi þegar það kemur aftur saman. Hlutfall kvenna hefur aldrei verið hærra eftir þingkosningar.

Formenn allra þeirra flokka sem náðu kjöri til Alþingis um helgina munu mæta til fundar við forseta Íslands í dag. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, mætir fyrstur klukkan tíu og svo ganga þeir koll af kolli á fund forseta, í stærðarröð flokkanna. Bjarni Benediktsson og Benedikt Jóhannesson hafa báðir lýst yfir vilja til að fara með stjórnarmyndunarumboðið. – sa/snæ


## Fréttablaðið í dag

**SPORT** Arnar Freyr vonast til að standast væntingarnar. 14

**MENNING** Ballettinn Giselle er fjögurra stjörnu verk. 26

**LÍFIÐ** Hildur Rut Ingimarsdóttir veit allt um avókadó. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hvöss norðvestanátt á austurhelmingi landsins, stormur á Austfjörðum og einnig á Suðausturlandi. Mun hægari vindur vestantil. Él á norðaustanverðu landinu og stöku skúrir eða él vestantil. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig.

SJÁ SÍÐU 18

# Undirbúa flutning í keiluhöllina



„Þetta sýnir andann í félaginu að fólk sé mætt hingað á sunnudagsmorgni í sjálfboðavinnu. Þeir sem mættu fengu frían alvöru þrektíma,“ segir Haraldur Dean Nelson oft kenndur við Mjölni. Vaskur hópur iðkenda Mjölnis var mættur í gömlu keiluhöllina í morgun til að rífa upp brautir og gólf keilusalarins. Mjölnir festi nýlega kaup á húsnæðinu og hyggst opna þar æfingaaðstöðu um næstu áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Hefði farið með flokkinn í 19%

**KOSNINGAR** „Það er ekki hægt að gera annað en að viðurkenna að þetta er ekki góð niðurstaða. En þetta kemur kannski ekki að öllu leyti á óvart eftir það sem á undan er gengið,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, um niðurstöðu kosninganna. Framsókn hlaut 11,5 prósent atkvæða.

Að mati Sigmundar hefði flokknum gengið betur undir hans stjórn. „Ég var búinn að leggja drög að því hvernig með öflugri kosningabaráttu hefðum við getað hækkað fylgið um kannski fjögur prósentustig og svo kannski tvö í viðbót í kosningunum sjálfum. Við hefðum þá getað gert ráð fyrir 18 til 19 prósenta fylgi.“

„Að vera með flokkinn í innbyrðis átökum vikum og mánuðum saman, frekar en að einbeita sér að því að undirbúa kosningar og fara samhent í þær með þennan árangur sem við vorum búin að ná, leiddi til þessarar niðurstöðu. Þeir sem höfðu áhyggjur af Píratastjórn fóru yfir á Sjálfstæðisflokkinn sem auðnaðist það að standa saman.“ – sg

## Flokkur fólksins kemst á fjárlög

**KOSNINGAR** Flokkur fólksins er eini flokkurinn sem ekki náði manni inn á þing í nýafstöðnum kosningum sem hefur náð lágmarki til að eiga rétt til framlaga úr ríkissjóði. Flokkurinn hlaut 3,5 prósent greiddra atkvæða, en að lágmarki þarf 2,5 prósent atkvæða til að eiga rétt á framlögum. Það framlag skiptist hlutfallslega milli flokka eftir atkvæðamagni í næstliðnum kosningum.

Upphæðin er ákveðin með fjárlögum hverju sinni. Í fyrra fengu flokkar alls 286 milljónir samkvæmt fjárlögum 2016. Ef upphæðin helst sú sama í næstu fjárlögum má gera ráð fyrir að Flokkur fólksins myndi fá allt að 10 milljónir króna. – sg

## Yngsta þing frá því fyrir stríð

**KOSNINGAR** Meðalaldur nýkjörinna þingmanna er 46,8 ár. Það er yngsta Alþingi á lýðveldistíma. Leita þarf aftur til kosninganna 1934 til að finna yngra þing.

Þingflokkur Pírata er áberandi yngstur en meðalaldur þingmanna þeirra er 30,5 ár. Þingflokkar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar eru elstir en meðalaldur beggja flokka er rúmlega 57,6 ár.

Yngstu þingmennirnir eru fæddir árið 1990. Það eru Píratarnir Ásta Guðrún Helgadóttir og Eva Pandora Baldursdóttir og Sjálfstæðiskonan Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir. Af þeim þremur er Áslaug Arna yngst.

Aldursforseti þessa þings er Vinstri græni nýliðinn Ari Trausti Guðmundsson en hann verður 68 ára gamall í desember. Á hæla hans fylgja Sjálfstæðismennirnir Vilhjálmur Bjarnason, 64,5 ára, og Páll Magnússon, rúmlega 62 ára. – jóe




# Oddný ætlar ekki að segja af sér formennsku

**Samfylkingin er minnsti flokkurinn á Alþingi eftir kosningarnar. Oddný Harðardóttir segir enga kröfu hafa komið fram um afsögn sína. Borgarstjórnarflokkurinn kom saman eftir að flokkurinn missti alla þingmenn í Reykjavík.**

**Kosningar 2016**

Samfylkingin galt afhroð í alþingiskosningunum sem fram fóru á laugardaginn. Flokkurinn meira en helmingaði fylgi sitt og fékk einungis 5,7 prósent og þrjá þingmenn kjörna. Flokkurinn missti alla þingmenn sína á höfuðborgarsvæðinu sem verður að teljast töluverð tíðindi þar sem flokkurinn hefur alla jafna sótt fylgi sitt þangað. Oddný Harðardóttir, formaður flokksins, náði kjöri, auk Loga Einarssonar varaformanns og Guðjóns S Brjánssonar oddvita Norðausturkjördæmis. Einungis Logi er kjördæmakjörinn en hin tvö jöfnunarþingmenn. Árni Páll Árnason, Össur Skarphéðinsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Helgi Hjörvar og Valgerður Bjarnadóttir náðu ekki kjöri.

Stjórn Samfylkingarinnar fundaði um stöðu flokksins í gær. Engar formlegar ákvarðanir hafa verið teknar og segir Oddný að hún muni ekki stíga til hliðar sem formaður um sinn. „Við skoðum það í samhengi við annað, hvað við teljum heppilegt að gera. Það hefur engin krafa komið fram um það að ég fari að stíga til hliðar daginn eftir kosningar. Ég held að menn séu sammála um að við tökum ákvörðun um það saman. Ég geri það sem er flokknum fyrir bestu,“ segir Oddný.

Fréttablaðið hafði samband við áhrifafólk innan Samfylkingarinnar og er mismunandi í þeim tónninn varðandi stöðu formannsins. Nokkrir voru þeirrar skoðunar að Oddný þyrfti að segja af sér í ljósi stöðunnar og einn hafði á orði að ef Samfylkingin ætti að taka stöðu sína alvarlega þyrfti Oddný að segja af sér. Aðrir töldu rétt að leyfa rykinu að setjast áður en einhver róttæk ákvörðun yrði tekin. „Í dag er maður náttúrulega svo hundfúll,“ segir Sema Erla Serdar, fyrrverandi formaður framkvæmdastjórnar flokksins. „Tökum tvo daga í að anda inn og út og síðan þarf hver og einn að íhuga sína stöðu.“

Líkt og fram hefur komið missti Samfylkingin alla sína þingmenn í Reykjavík á sama tíma og borgarstjóri kemur úr röðum flokksins. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að borgarstjórnarfulltrúar og nefndamenn flokksins hafi fundað í gærkvöldi til að ræða stöðu flokksins.

Magnús Már Guðmundsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir uppstokkun blasa við á vinstri vængnum. Fylgi félagshyggjufólks sé að dreifast mjög víða. „Það er einhver blæbrigðamunur á milli framboða og margir voru að tala fyrir því sama í aðdraganda kosninga. Þetta strandar ekki á málefnastöðunni, frekar á einhverjum persónum,“ segir hann.

„Mér finnst skylda að félagshyggjufólk hugi að því með einhverjum hætti hvernig væri best að gera þetta. Nú er VG með góðan sigur en samt verður flokkurinn hugsanlega bara meðalstór stjórnarandstöðuflokkur af því vinstrið er eins og það er,“ segir Magnús.

stefanrafn@frettabladid.is
thorgnyr@frettabladid.is



Oddný Harðardóttir segir flokksmenn ætla að fara yfir stöðuna FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

### Fylgisþróun frá 2009




**Ég geri það sem er flokknum fyrir bestu.**

Oddný Harðardóttir, formaður Samfylkingarinnar

GILDIR 31.10.16




# TAX

**SÍÐASTI DAGUR! - OPIÐ TIL 22:00**

# FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM

**KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19.35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - GRANDA - AKUREYRI

# Kjördæmi og fylgi flokka á landsvísu

REYKJAVÍK NORÐUR (RN)




REYKJAVÍK SUÐUR (RS)




SUÐVESTURKJÖRDÆMI (SV)







NORÐVESTURKJÖRDÆMI (NV)




NORÐAUSTURKJÖRDÆMI (NA)




SUÐURKJÖRDÆMI (S)




## Hverjir komast á þing ?

### Reykjavíkurkjördæmi norður (RN)

1. Guðlaugur Þór Þórðarson D
2. Katrín Jakobsdóttir V
3. Birgitta Jónsdóttir P
4. NÝ Áslaug Arna Sigurbjörnsd. D
5. NÝR Þorsteinn Víglundsson C
6. Steinunn Þóra Árnadóttir V
7. NÝR Björn Leví Gunnarsson P
8. Birgir Ármannsson D
9. Björt Ólafsdóttir A
10. NÝR Andrés Ingi Jónsson V
11. NÝ Halldóra Mogensen P

### Reykjavíkurkjördæmi suður (RS)

1. NÝ Ólöf Nordal D
2. Svandís Svavarsdóttir V
3. Ásta Guðrún Helgadóttir P
4. NÝ Hanna Katrín Friðriksson C
5. Brynjar Níelsson D
6. NÝR Kolbeinn Óttars. Proppé V
7. Sigríður Á. Andersen D
8. NÝR Gunnar Hrafn Jónsson P
9. NÝ Lilja Dögg Alfreðsdóttir B
10. Nicole Leigh Mosty A
11. NÝR Pawel Bartoszek C

### Suðvesturkjördæmi (SV)

1. Bjarni Benediktsson D
2. NÝ Bryndís Haraldsdóttir D
3. NÝR Jón Þór Ólafsson P
4. NÝ Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir C
5. NÝ Rósa Björk Brynj-ólfsdóttir V
6. Jón Gunnarsson D
7. Óttarr Proppé A
8. NÝR Óli Björn Kárason D
9. Eygló Harðardóttir B
10. NÝ Þórhildur Sunna Ævarsdóttir P
11. Vilhjálmur Bjarnason D
12. NÝ Theódóra S. Þorsteinsdóttir A
13. NÝR Jón Steindór Valdimarsson C

### Norðvesturkjördæmi (NV)

1. Haraldur Benediktsson D
2. Gunnar Bragi Sveinsson B
3. NÝ Þórdís Kolbrún R. Gísladóttir D
4. Lilja Rafney Magnúsdóttir V
5. NÝ Eva Pandora Baldursdóttir P
6. Elsa Lára Arnardóttir B
7. NÝR Teitur Björn Einarsson D
8. NÝR Guðjón S. Brjánsson S

### Norðausturkjördæmi (NA)

1. Kristján Þór Júlíusson D
2. Sigmundur D. Gunnlaugsson B
3. Steingrímur J. Sigfússon V
4. NÝR Njáll Trausti Friðbergsson D
5. Þórunn Egilsdóttir B
6. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir V
7. Valgerður Gunnarsdóttir D
8. NÝR Einar Aðalsteinn Brynjólfsson P
9. NÝR Logi Már Einarsson S
10. NÝR Benedikt Jóhannesson C

### Suðurkjördæmi (S)

1. NÝR Páll Magnússon D
2. Sigurður Ingi Jóhannsson B
3. Ásmundur Friðriksson D
4. NÝR Smári McCarthy P
5. Vilhjálmur Árnason D
6. Silja Dögg Gunnarsdóttir B
7. NÝR Ari Trausti Guðmundsson V
8. Unnur Brá Konráðsdóttir D
9. NÝ Jóna Sólveig Elínardóttir C
10. Oddný G. Harðardóttir S

### Aldursdreifing þingmanna




### Kynjadreifing þingmanna




Aldrei hafa fleiri kon-ur verið kjörnar á þing - voru 25 eftir kosningar 2008.





*Ístrur karlmanna eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Mér hefur verið sagt að þær hafi í raun réttri hafið göngu sína sem smyglsekkir – og síðan breiðst út yfir lönd og höf.*





**Hér leikur Sigurbjörg Þrastardóttir sér með ólíkar raddir og sögusvið sem spegla veruleikann frá óvæntu sjónarhorni.**

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

# ŠKODA Octavia G-TEC

# Fyrir náttúruna og veskið




G-Tec fæst nú einnig sjálfskiptur!

## Þú kemst lengra en borgar minna

ŠKODA Octavia G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.

Verð frá aðeins:

**3.350.000 kr.**

Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**




**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

**www.skoda.is**

# Mögulegar ríkisstjórnir

Niðurstöður alþingiskosninga 2016.




## Þriggja flokka stjórn

**Sjálfstæðisflokkur, Vinstri græn**

og **Píratar**
Þingmenn: **41**

og **Björt Framtíð**
Þingmenn: **35**

og **Framsóknarflokkur**
Þingmenn: **39**

og **Viðreisn**
Þingmenn: **38**

og **Samfylking**
Þingmenn: **34**

**Sjálfstæðisflokkur, Píratar**

og **Björt framtíð**
Þingmenn: **35**

og **Framsóknarflokkur**
Þingmenn: **39**

og **Viðreisn**
Þingmenn: **38**

og **Samfylking**
Þingmenn: **34**

**Sjálfstæðisflokkur, Viðreisn**

og **Framsóknarflokkur**
Þingmenn: **36**

og **Björt framtíð**
Þingmenn: **32**

**Sjálfstæðisflokkur, Framsókn**

og **Björt framtíð**
Þingmenn: **33**

og **Samfylking**
Þingmenn: **32**

## Fjögurra flokka stjórn

**Píratar, Vinstri græn, Framsóknarflokkur og Viðreisn**
Þingmenn: **35**

**Píratar, Vinstri græn, Framsóknarflokkur og Björt framtíð**
Þingmenn: **32**

## Fimm flokka stjórn

**Píratar, Vinstri græn, Samfylking, Viðreisn og Björt framtíð**
Þingmenn: **34**

**Píratar, Vinstri græn, Samfylking, Framsóknarflokkur og Björt framtíð**
Þingmenn: **35**

# Hvaða málamiðlanir geta flokkarnir gert?

**Þrettán þriggja flokka ríkisstjórnir eru mögulegar eftir niðurstöðu kosninganna. Allir flokkar þyrftu að gera þó nokkrar málamiðlanir til að ná saman.**

**Kosningar 2016**

Fyrir kosningar tók Björt framtíð þátt í samstarfsumleitunum Pírata, Vinstri grænna, og Samfylkingar og lýsti yfir vilja til að mynda ríkisstjórn eftir kosningar. Björt framtíð er eini flokkurinn af þessum fjórum sem ekki hefur útilokað samstarf með Sjálfstæðisflokknum.

Fari svo að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar verði mynduð væri hún með minnsta mögulega meirihluta, 32 þingmenn.

Þrátt fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn sé í lykilstöðu til stjórnarmyndunar er staða flokksins þröng vegna lítils samstarfsvilja annarra flokka. Flokkarnir tveir, Viðreisn og Björt framtíð, gætu því hæglega knúið fram mikilvægar málamiðlanir þrátt fyrir smæð sína. Það er nærri hægt að slá því föstu að hugmyndir Viðreisnar um myntráð verði slegnar af borðinu. Forysta Sjálfstæðisflokksins vill að krónan verði framtíðargjaldmiðill Íslands og hverskonar daður við evru kæmi ekki til greina. Hins vegar er líklegt að flokkarnir tveir geri það að ófrávíkjanlegu skilyrði að kosið verði um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag kemur ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Pírata ekki til greina. Það hefur enn frekar verið staðfest nú um helgina af hálfu beggja flokka. Róttækar hugmyndir Pírata um kerfisbreytingar leggjast illa í Sjálfstæðisflokkinn en einnig ríkir persónuleg óvild á milli Bjarna Benediktssonar og Birgittu Jónsdóttur sem nærri ómögulegt gæti reynst að brúa. Slík stjórn er útilokuð.

Heimildir Fréttablaðsins herma að einstaka þingmenn Sjálfstæðisflokksins renni hýru auga til Vinstri grænna. Katrín Jakobsdóttir þykir góður samstarfsmaður þvert á flokka og litlar málamiðlanir þyrfti að gera í Evrópumálum. Mikið ber á milli flokkanna í sýn á rekstur hins opinbera. Stærsta ljónið í vegi þess samstarfs eru þó flokksmenn Vinstri grænna sem seint myndu taka það í mál að starfa með erkióvininum í íslenskum stjórnmálum. Eða eins og Katrín orðaði það sjálf, aðspurð hvort hún gæti gengið á fund sinna félaga og mælt með stjórn með Sjálfstæðisflokknum. „Ég hugsa að sá fundur myndi enda illa fyrir mig.“

**snaeros@frettabladid.is**




TENERIFE

**Playa Real Resort**
**Frá kr. 149.365 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 149.365 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 165.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
15. nóvember í 8 nætur.



GRAN CANARIA

**Barcelo Margaritas**
**Frá kr. 73.980 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 73.980 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 93.880 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
16. nóvember í 6 nætur.




**Beverly Park**
**Frá kr. 77.915 m/allt innifalið**
Netverð á mann frá kr. 77.915 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 88.880 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
16. nóvember í 6 nætur.




**Roque Nublo**
**Frá kr. 56.315 m/ekkert fæði innif.**
Netverð á mann frá kr. 56.315 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 67.380 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. nóvember í 6 nætur.




Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SIA • NM78127

Heimsferðir




# ALLIR Í BÁTANA!

LJÚFFENGIR TORTILLA-BÁTAR.
AUÐVELDIR Í NOTKUN FYRIR
STÓRA SEM SMÁA.

KRÓNAN Kjarval NÓATÚN



## Fylgi flokkanna í alþingiskosningum frá 1999




## Fylgi flokkanna skv. skoðanakönnunum 365 og Gallup




# Hvorki kollsteypur né óbreytt ástand

**Hógværar kerfisbreytingar og varkár efnahagsstjórn virðast vera skilaboð kjósenda eftir kosningarnar á laugardag. Stjórnmálaskýrendur segja að óbreytt ástand komi ekki til greina frekar en kollsteypur. Lykilstaða Viðreisnar í stjórnarmyndun blasir við.**

Helst er að merkja að skilaboð kjósenda í alþingiskosningunum á laugardaginn hafi verið að standa skuli vörð um efnahagslegan stöðugleika, ákall um samstarf á hinu pólitíska sviði og hógværar kerfisbreytingar. Óbreytt ástand er ekki í boði frekar en kollsteypur.

Þetta er rauði þráðurinn þegar stjórnmálaskýrendur eru spurðir um hver skilaboðin voru frá kjósendum á laugardaginn þegar litið er yfir sviðið í heild.

Grétar Þór Eysteinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, segir að vel megi túlka gott gengi Sjálfstæðisflokksins sem vilja kjósenda um stöðugleika – eða varkára efnahagsstjórn sem var kjarninn í skilaboðum flokksins í kosningabaráttunni. Sé horft til fylgis Pírata, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar þá megi túlka það sem ákall um breytingar. „Kannski eru þetta megin línurnar,“ segir Grétar. Þetta er ekki eindregin hægri eða vinstri sveifla. „Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri grænir bæta við sig fylgi, en miðjan sem heild er líka að koma vel út. Þá má spyrja hvort ekki sé mögulegt að færa kjósendum hvoru tveggja. Í þessu felst kannski beiðni um að ljúka uppgjörinu við hrunið – bæði með ákveðnum hógværum breytingum á kerfinu en líka að halda þessum ávinningi sem við höfum vissulega náð – að klúðra honum ekki.“

> Í þessu felst kannski beiðni um að ljúka uppgjörinu við hrunið – bæði með ákveðnum hógværum breytingum á kerfinu en líka að halda þessum ávinningi sem við höfum vissulega náð – að klúðra honum ekki.



Grétar Þór Eysteinsson, prófessor við HA

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir skýrar línur vandséðar. Fjórðungur kjósenda hafi valið Pírata og Viðreisn – frjálslynda umbótaflokka. Þeir vilji breytingar í sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum og á stjórnarskrá – en mismiklar þó. Það sé athyglisvert í samhengi við það að gamli fjórflokkurinn fái aðeins rétt rúmlega 60% fylgi sem er lang lægsta hlutfall atkvæða sem þeir hafa fengið í kosningum og í staðinn leiti fylgið til frjálslyndra umbótaflokka.

> …í stjórnarkreppu leyfist mönnum meira.

Baldur Þórhallsson, prófessor við HÍ.



Viðreisn – miðjuflokkur sem hallar sér til hægri – er í lykilstöðu, segir Baldur. Viðreisn hafi þó hafnað Píratabandalaginu og tali fyrir stjórnarmyndun með Sjálfstæðisflokknum og þriðja flokki öðrum en Framsóknarflokknum. „Björt framtíð kemur þá fyrst upp í hugann, en sú stjórn hefði aðeins 32 þingmenn sem er ekki sterk staða,“ segir Baldur. Viðreisn líti vissulega til Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna en slík stjórnarmyndun sé vart inni í myndinni fyrr en eftir nokkurra vikna stjórnarkreppu. Ástæðan er að grasrótin og flokksstofnanir Vinstri grænna standa í veginum en þá beri að hafa í huga „að í stjórnarkreppu leyfist mönnum meira,“ segir Baldur.

**svavar@frettabladid.is**





## Bjarni Benediktsson

29%

Já mér finnst eðlilegt að fá stjórnarumboðið. Ég ætla að benda á nokkrar augljósar staðreyndir. Við erum með mest fylgi í öllum kjördæmum. Við erum með fyrsta þingmann allra kjördæma. Við höfum rétt tæplega þrefalt meira fylgi en Viðreisn. En mér finnst þetta enginn staður til að takast á um þetta. Ég sóttist eftir því að fá að leiða síðustu ríkisstjórn í ljósi niðurstöðu kosninganna þegar ég gekk á fund Ólafs Ragnars. En þar varð önnur niðurstaða og ég var alveg sáttur að vinna með hana líka. Ég er bara í þessu fyrir ávinning landsmanna. Ég er ekki í þessu út af persónulegum metnaði.“



## Katrín Jakobsdóttir

15,9%

Við erum náttúrulega mjög ánægð, við bætum við okkur fimm prósentustigum og fáum tíu þingmenn. Við erum ofboðslega sátt með það að vera orðin önnur stærsta stjórnmálahreyfing landsins á Alþingi.

Við erum afskaplega þakklát fyrir þennan stuðning og teljum hann auðvitað til marks um það að okkar skýra stefna fyrir þessar kosningar og mikla vinna hafi hlotið góðan hljómgrunn. Katrín Jakobsdóttir hlaut mikið persónulegt fylgi en Vinstri grænir hlutu 20,9 prósent atkvæða í Reykjavík Norður, kjördæminu sem hún leiddi.

„Ég er sérstaklega þakklát fyrir þann mikla stuðning sem ég fékk.“ Mikið hefur verið rætt um hvort VG verði í næstu ríkisstjórn, en Katrín sagði í gær að samstarf við Sjálfstæðisflokkinn myndi enda illa fyrir sig í hádegisfréttum Stöðvar 2. „Ég get ekki sagst vera vongóð um að við verðum endilega í næstu ríkisstjórn, þar sem það er ekki augljóst hvernig nákvæmlega hún mun líta út, en ég er mjög vongóð um það að við munum hafa mikil áhrif fyrir okkar stefnu hvernig sem það nú verður.“



## Sigurður Ingi Jóhannsson

11,5%

Ég held að það sé nokkuð augljóst í ljósi niðurstöðu kosninganna að mörgum leiðum hefur verið hafnað, byltingu Pírata, vinstristjórn, núverandi ríkisstjórn. Þetta er flókin úrlausnastaða skulum við segja. Það þarf að kalla þingið saman innan tíu vikna og við þurfum líka að setja fjárlög fyrir áramót, það hefur legið fyrir að þessi tími kosninga sé ekki heppilegur út af því.

En það er þá í höndum sitjandi ríkisstjórnar að leysa úr því ef ekki verður komin ný. Ég hef lýst því yfir að ýmsir geti lýst sig sigurvegara. En það hlýtur að vera sá flokkur sem er stærstur og leiðir í öllum kjördæmum sem er hinn augljósi sigurvegari.“

Sigurður Ingi fundaði með Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, í gær til að biðjast lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína. Hann hlaut lausnina en vildi ekki tjá sig um hvort hann ráðlagði forsetanum að veita Sjálfstæðisflokknum umboð.

„Ég vísa ekki í tveggja manna tal... Það má leggja saman tvo og tvo oft og oft fá út fjóra,“ sagði Sigurður Ingi en hann leiddi ríkisstjórnina í rúma sex mánuði. Hann tók við formennsku í Framsóknarflokknum af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni.



## Helgi Helgason

0,2%

Áður en að þessi skellur kom á okkur þar sem fólk gekk úr flokknum til að reyna að eyðileggja framboðið þá vorum við stærstir í öllum skoðanakönnunum varðandi litlu flokkana. Við vorum komin með 3,2 prósent fylgi á landsvísu og gerðum okkur vonir um að komast inn á þing á þeim tímapunkti. En auðvitað dofnuðu þær vonir svo. Við vitum að við eigum hljómgrunn. Við vorum að vonast til að fá meiri stuðning, en þetta er bara niðurstaða, við erum ekki af baki dottin. Flokkurinn heldur áfram, við munum endurskipuleggja hann. Við munum alveg örugglega taka þátt í næstu borgarstjórnarkosningum.“



## Helga Þórðardóttir

1,7%

Þetta eru vissulega mikil vonbrigði, en ég er jafnframt mjög stolt af kosningabaráttunni okkar. Ég er mjög sátt við þá drengilegu baráttu sem við háðum. Mér fannst við vera málefnaleg og við vorum með gleðina alla leið. Við reyndum að njóta þess að vera í framboði, allir voru mjög sáttir, nema með niðurstöðuna. Við áttum von á meiru. Kannski var fólk að kjósa taktískt, ég veit það ekki, það eru alls konar vangaveltur í gangi hjá okkur. Við trúum á þær lausnir sem við komum með, og við vonum að aðrir flokkar taki það upp. Við höfum ekki tekið ákvörðun varðandi framhaldið.“



## Oddný Harðardóttir

5,7%

Þetta voru auðvitað alveg afskaplega slæmar niðurstöður. Niðurstöður svörtustu kannana raungerðust eftir þessar kosningar, og það eru auðvitað mikil vonbrigði. Við þurfum að fara yfir alla hluti hjá flokknum. Við þurfum að fara yfir reksturinn, starfið og hvernig við höldum áfram inn í framtíðina. Við ætlum að byggja okkur upp. Við þurfum að finna leiðir til þess. Við munum halda ótrauð áfram, en það er auðvitað ekki ljóst hvernig við gerum það, og hvaða skref við stígum í þá átt. Við ætlum að láta rykið setjast og finna síðan tækifæri til að tala við flokksmenn um framhaldið. Það kemur allt til greina sem er gott fyrir flokkinn, ég tek ákvörðun um áframhaldandi setu mína sem formaður með félögum mínum.“


# Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar mánudaginn 21. nóvember 2016 klukkan 16.00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

### Dagskrá fundarins

1. Tillaga um 28,6% lækkun hlutafjár.
2. Önnur mál löglega upp borin.

**Tillaga stjórnar um hlutafjárlækkun í félaginu er svohljóðandi:**

„Hluthafafundur N1 hf. haldinn mánudaginn 21. nóvember 2016 samþykkir að færa niður hlutafé félagsins um kr. 100.000.000 að nafnverði, og að auki yfirverðsreikning hlutafjár og lögbundinn varasjóð um samtals kr. 1.186.542.720 eða alls um kr. 1.286.542.720, og verði fjárhæðin greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu í lok dags. 16. desember 2016, ef lögboðnar forsendur verða fyrir útgreiðslunni á þeim tíma, en ellegar við fyrsta mögulega tímamark eftir að lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.“

**Greinargerð stjórnar:**

N1 hf. gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu um mitt ár 2011. Lánardrottnar félagsins eignuðust allt hlutafé þess í kjölfarið. Grunnstef í þeirri vinnu sem unnin var áður en lánardrottnarnir tóku félagið yfir var að skila inná markaðinn fjárhagslega sterku félagi sem væri vel í stakk búið til að mæta samkeppni á eldsneytismarkaði. Nú hafa allir hlutir félagsins verið skráðir á opinberum markaði eins og að var stefnt.

Hluti af fjárhagsstefnu félagsins sem stjórn og hluthafar hafa samþykkt er að halda eigin fé þess í kringum hlutfallið 40%. Til að ná þessu marki var hlutafé félagsins lækkað samkvæmt ákvörðun hluthafafundar í október árið 2014, á aðalfundi 2015 og á hluthafafundi í nóvember 2015. Nú leggur stjórn N1 enn og aftur til með hliðsjón af niðurstöðu árshlutareiknings fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2016 að hlutafé félagsins verði lækkað um tæpan 1,3 milljarða króna og fjárhæðin verði greidd út til hluthafa þess í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu. Með þessu er stefnt að því að hlutfall eigin fjár verði um 40% í lok ársins.

Ef tillagan verður samþykkt, þá hefur viðskiptabanki félagsins, Landsbankinn hf., samþykkt fyrir sitt leyti ráðstöfunina, vegna lána sinna til þess.

**Aðrar upplýsingar:**

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir klukkan 16.00 miðvikudaginn 16. nóvember 2016.

Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir klukkan 16.00 mánudaginn 7. nóvember 2016.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 16.00 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn.

**Stjórn N1 hf.**

N1

## Nýir þingmenn aldrei fleiri

**ALÞINGI** 32 nýir þingmenn hlutu kjör í þingkosningunum í fyrradag. Þetta er hæsta hlutfall nýrra þingmanna í sögunni. Fyrir áttu kosningarnar 2009 og 2013 metið en þá voru 27 nýir þingmenn eða 42,9 prósent.

Af nýju þingmönnunum hafa þrír setið áður á Alþingi. Það eru Ólöf Nordal, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Jón Þór Ólafsson. Sjö þingmenn hafa áður tekið sæti sem varamenn en í þeim hópi eru tveir Sjálfstæðismenn, tveir Píratar, tveir frá Vinstri grænum og Samfylkingarmaður.

22 þingmenn hafa aldrei áður tekið sæti á þingi. Í þeim hópi er þó að finna þingmenn sem þekkja þingstörfin ágætlega. Þá er átt við utanríkisráðherrann Lilju Dögg Alfreðsdóttur og aðstoðarmennina Teit Björn Einarsson og Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gísladóttur. **– jóe**

## 30 konur kjörnar

**ALÞINGI** Aldrei hafa fleiri konur náð kjöri til þings en nú. Alls eru þrjátíu þingmenn kvenkyns. Fyrra met var frá kosningunum 2009 þegar 27 konur náðu kjöri. Í kosningunum 2013 náðu 25 þingkonur kjöri en í lok kjörtímabils áttu 28 þingkonur fast sæti á þingi. Var það eftir að Ásta Guðrún Helgadóttir, Ólína Þorvarðardóttir og Sigríður Á. Andersen tóku fast sæti sem aðalmenn.

Flestar þingkonur eru innan raða Sjálfstæðisflokksins eða alls sjö. Þær mynda hins vegar aðeins þriðjung þingflokksins. Það er lægsta hlutfall allra þingflokka. **– jóe**

# Áratuga reynsla fallin af þingi

**Samanlagður þingaldur þeirra níu einstaklinga sem féllu af þingi í kosningum helgarinnar eru tæpir átta áratugir. Össur Skarphéðinsson hafði setið á þingi í 25 ár. Sigríður Ingibjörg segir að nú taki við nýr kafli.**

**Kosningar 2016**

Níu þingmenn sem óskuðu endurkjörs í kosningunum síðastliðinn laugardag náðu ekki kjöri og falla af þingi. Sameiginleg þingreynsla þessara níu þingmanna er hvorki meiri né minni en rúm 77 ár.

Samfylkingin galt afhroð í öðrum kosningum sínum í röð og fékk flokkurinn aðeins þrjá menn kjörna á þing. Fimm þingmenn flokksins féllu í kosningunum, öll á höfuðborgarsvæðinu. Þau Helgi Hjörvar, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Össur Skarphéðinsson óskuðu öll eftir endurkjöri í Reykjavík en án árangurs. Einnig féll Árni Páll Árnason, fyrrum formaður flokksins, af þingi í kraganum.

Össur Skarphéðinsson kom inn sem nýr þingmaður eftir kosningarnar árið 1991 og hafði því setið á alþingi í aldarfjórðung þegar hann féll af þingi og samflokksmaður hans, Helgi Hjörvar, hafði setið í rúm 13 ár þegar hann féll af þingi.

Fjórir þingmenn, þrír úr Framsókn og einn úr Bjartri framtíð, féllu af þingi eftir aðeins eitt kjörtímabil.

Þá féllu þrír þingmenn Framsóknarflokksins, þau Karl Garðarsson, Líneik Anna Sævarsdóttir og Willum Þór Þórsson. Auk þess féll Páll Valur Björnsson úr Bjartri framtíð einnig af þingi.



Af þeim 63 einstaklingum sem taka sæti á þingi eftir kosningar eru þrjátíu og tveir þeirra nýir þingmenn. Sjö af þessum 32 hafa þó tekið sæti á Alþingi áður sem varaþingmenn á fyrri tímum en voru ekki kjörnir alþingismenn á síðasta kjörtímabili. Þrír þessara nýju þingmanna hafa áður setið á þingi. Það eru Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, sem sagði af sér þingmennsku á síðasta kjörtímabili fyrir sama flokk, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrum varaformaður Sjálfstæðisflokksins og menntamálaráðherra hans frá 2003-2009, og Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, sem var kjörinn þingmaður frá 2007-2013.

> Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að sitja tvö kjörtímabil á þingi og ég vona að ég hafi gert eitthvað gagn á þeim tíma.



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir fyrrum þingmaður

Sigríður Ingibjörg er þakklát fyrir þann tíma sem hún átti á þingi, en hún tók þar sæti árið 2009. „Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að sitja tvö kjörtímabil á þingi og ég vona að ég hafi gert eitthvað gagn á þeim tíma. Nú tekur við nýr kafli þegar þessum lýkur,“ segir Sigríður. Hún segir fjölda flokka vera til trafala fyrir framgang félagshyggjunnar. „Þessi fjölbreytta flóra flokka viðheldur Sjálfstæðisflokknum við völd sem getur þá handstýrt hverja hann vill fá til samstarfs.“

Páll Valur Björnsson er ánægður eftir sitt kjörtímabil á þingi. „Þessi þrjú og hálft ár hafa verið ótrúleg, hvernig sem á það er litið, gríðarlega krefjandi, lærdómsrík og langoftast skemmtileg. Það eru alltaf vonbrigði þegar að maður nær ekki markmiðum sínum og þannig er það hjá mér núna,“ segir Páll Valur.

**sveinn@frettabladid.is**






## Þorvaldur Þorvaldsson

Alþýðufylkingin 0,3%

Við bættum nokkuð við okkur. Menn geta spurt sig hversu langt það nær en ég held að ávinningar okkar af kosningunum liggi að miklu leyti í öðrum hlutum. Við teljum að okkar málflutningur hafi skotið rótum og hann hafi náð til margfalt fleiri en áður og fengið góðar viðtökur,“ segir Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingar um niðurstöður kosninganna.

Þorvaldur segir flokkinn hvergi nærri hættan. „Við erum mjög bjartsýn á að kosningabaráttan núna verði lyftistöng fyrir frekari uppbyggingu flokksins. Við erum rétt að byrja. Baráttan heldur áfram.“



## Óttarr Proppé

BF 7,2%

Mín viðbrögð eru náttúrulega þau, fyrir okkur í Bjartri framtíð, að við erum mjög sátt við þessa niðurstöðu. Miðað við að okkur var ekki huguð nokkur framtíð í sumar þá er yfir sjö prósenta fylgi og fjórir þingmenn mjög jákvætt. En það er leiðinlegt að fá færri þingmenn og sérstaklega að missa Pál Val Björnsson sem var orðinn einn af okkar sterkustu þingmönnum,“ segir Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar, en flokkur hans bauð fram í fyrsta sinn í alþingiskosningunum 2013.

Í aðdraganda kosninganna mældist flokkurinn ekki með þingmann inni en rétti úr kútnum undir lokin.

Hann segir athyglisvert að sjá breytingar í pólitísku landslagi. Ákveðinn valdastrúktúr hafi verið brotinn upp og spennandi sé að sjá hvernig takist að vinna úr stöðunni.

„Það sem er athyglisvert, af því við í Bjartri framtíð höfum gjarnan talað fyrir breyttum vinnubrögðum í pólitík, þá er að mörgu leyti spennandi að sjá framhaldið af því það liggur ekki í augum uppi annað en að gömlu góðu aðferðirnar séu ekki í boði lengur,“ segir Óttarr um framhaldið.



## Benedikt Jóhannesson

10,5%

Við erum bara kát í Viðreisn,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar. Flokkur hans bauð fram í fyrsta skipti nú um helgina og uppskar sjö þingmenn, Benedikt þeirra á meðal. Tvísýnt var miðað við skoðanakannanir hvort hann kæmist á þing en Benedikt var inni allt frá fyrstu tölum.

Enginn nýr flokkur hefur fengið meira fylgi í sínum fyrstu kosningum utan Borgaraflokks Alberts Guðmundssonar sem klauf sig frá Sjálfstæðisflokki og bauð fyrst fram árið 1987. Sá flokkur fékk 10,8 prósent atkvæða.

„Við erum búin að ná miklum árangri á skömmum tíma og vonumst til þess að geta fylgt því eftir með vasklegri stjórnarmyndun á ennþá skemmri tíma,“ segir Benedikt. Hann bætir því við að engar formlegar viðræður hafi enn átt sér stað „en eins og kom fram í þessum samtalsþætti sem við vorum í á RÚV þá erum við eiginlega stöðugt saman í einhverjum þáttum þannig maður er að hitta þetta fólk þrisvar á dag.“

Benedikt segir það því ekki vera þannig að þau tali ekki saman, enda beri þeim skylda til þess.



## Inga Sæland

Flokkur Fólksins 3,5%

Viðbrögðin eru náttúrulega bara dásamleg. Ég meina vá. Eins og við sögðum, við erum sigurvegarar, það er bara svoleiðis. Þetta er bara byrjunin, við ætlum að halda áfram, baráttan er bara rétt að byrja,“ segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins um niðurstöðu kosninganna.

Hún segir næsta skref vera frekari uppbyggingu. „Þetta er byr undir báða vængi. Við erum bjartsýn og brosandi eins og alltaf. Þetta er yndislegt, það er bara þannig. Hugsaðu þér, á sjöunda þúsund manns treystu okkur og gáfu okkur sitt dýrmæta atkvæði. Það er alveg ómetanlegt,“ segir Inga.



## Júlíus Valdimarsson

0,1%

Við erum mjög ánægð með það að hafa boðið fram þó ekki væri nema í einu kjördæmi. Núna í þessum kosningum var miklu meiri kynning á nánast öllum flokkum. Við höfum aldrei fengið aðra eins kynningu,“ segir Júlíus Valdimarsson, formaður Húmanistaflokksins, um niðurstöður kosninganna. Flokkurinn bauð eingöngu fram í Reykjavík suður og fékk 0,1 prósent atkvæða.

Júlíus segir fylgi Sjálfstæðisflokks uggvænlegt. Það hafi komið á óvart. Ég sé það þannig að það er einhvern veginn inngróin tiltrú á sterka manninn í þjóðfélaginu. Það er gífurlegur ótti um framtíðina og fólk er hrætt við að fara nýjar leiðir.“



## Birgitta Jónsdóttir

14,5%

Við erum rosalega ánægð og þakklát fyrir það að hafa tekist að þrefalda flokkinn okkar á þremur árum,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, um niðurstöður kosninganna. Píratar bættu við sig 9,4 prósentustigum frá síðustu kosningum og fengu 14,5 prósent fylgi og tíu þingmenn. Flokkurinn bauð fyrst fram árið 2013 og fékk þá þrjá þingmenn.

Þá segir Birgitta erfitt að segja til um hvernig næstu dagar muni þróast.

„Ég á mjög erfitt með að vera véfrétt varðandi það hvernig þetta mun þróast næstu daga en þetta verður örugglega svolítið flókið,“ segir Birgitta. – **þea**


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 16-3135



# Velkomin í draumaland vélvirkjans

Kalda vatnið er bara örlítið fljótara að renna frá Gvendarbrunnum út á Seltjarnarnes en það tekur þig að horfa á alla Stranger Things þættina

## Viltu komast á samning hjá okkur?

**Við leitum að tveimur jákvæðum og námsfúsum vélvirkjanemum sem eru búnir með grunndeild og langar til að kynnast stærsta veitukerfi landsins – og halda viðskiptavinum okkar á höfuðborgarsvæðinu í sambandi alla daga.**

Við bjóðum upp á metnaðarfulla nemaþjálfun þar sem þú getur klárað allt starfsnám á einum stað og fengið góðan undirbúning fyrir sveinspróf.

**Fjölbreytt úrlausnarefni**

Hjá okkur kynnist þú fjölbreyttri starfsemi og verkefnum; hvernig heitu vatni er dælt úr borholum, úrgangur hreinsaður í fráveitu og köldu vatni dreift – svo nokkuð sé nefnt. Þú færð skemmtilega og hagnýta reynslu af því að vinna með reynslumiklu fagfólki á fjölbreyttum og lifandi vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

**Við tökum jafnréttið alvarlega**

Að jafnaði höfum við tvo vélvirkjanema í starfsnámi, sinn af hvoru kyni. Því hvetjum við jafnt stúlkur sem pilta til að sækja um og kynna sér nám í vélvirkjun.

Ef þú vilt sækja um starfsnám ferðu á starf.or.is/veitur/ og fyllir út umsókn. Umsóknarfrestur er til 21. nóvember. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@veitur.is.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Kynntu þér Veitur á veitur.is og á Facebook

VEITUR

# Hugsað út fyrir hefðina



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það verður seint sagt um íslensku þjóðina að hún sé fyrirsjáanleg og auðlesin. Það er að minnsta kosti ekki hlaupið að því að átta sig á niðurstöðum kosninganna um helgina, ekki síst í ljósi þess sem á undan er gengið í íslenskum stjórnmálum á undanförnum árum. Af þeim sjö flokkum sem náðu á þing, unnu fimm flokkar ýmist varnar- eða sóknarsigur, tveir guldu svo gott sem afhroð og þjóðin hafnaði núverandi ríkisstjórn þrátt fyrir góða stöðu þjóðarbúsins. Nú þegar hafa leiðtogar tveggja flokka lýst því yfir að eðlilegt sé að þeir fái umboð frá forseta Íslands til myndunar nýrrar ríkisstjórnar. Og það á sama tíma og flokkarnir sjö standa frammi fyrir nánast fordæmalausri stöðu í mögulegri ríkisstjórnarmyndun á Íslandi. Einu sinni verður allt fyrst.

Kannski að íslenska þjóðin hafi fundið þetta á sér þegar hún kaus til forseta Guðna Th. Jóhannesson, doktor í sagnfræði og sérfræðing í sögu embættisins, ábyrgð þess, möguleikum og skyldum. Ekki veitir af. Staðan virðist vera flókin og ófyrirsjáanleg af þeirri einföldu ástæðu að þjóðin er farin að hugsa út fyrir ramma fjórflokksins og útdeilir nú valdi sínu víðar um völl stjórnmálanna en áður hefur tíðkast. Auðvitað leitar stór hluti kjósenda í það sem þeir þekkja en aðrir virðast segja skítt með hefðina og viðjar vanans.

Í þessu sem við getum kallað flippaða fylgið, svo við höldum nú í húmorinn, er að finna áhugaverð skilaboð til þeirra sem voru kjörnir til þings um helgina. Kjósendur höfnuðu sitjandi ríkisstjórn og þeir höfnuðu miðju- vinstriblokkinni og virðast vera að biðja um eitthvað annað. Þetta eitthvað annað er núna verkefni þeirra flokka sem náðu á þing og það felur í sér að eins og kjósendur, þurfa þeir að hugsa út fyrir kassann. Þora að gera málamiðlanir fyrir opnum tjöldum og hafa hugrekki til þess að fylgja vilja kjósenda og hafa þarfir heildarinnar að leiðarljósi.

Verkefni nýrrar ríkisstjórnar, hvernig sem hún verður skipuð, eru ærin. Heilbrigðiskerfið, húsnæðis- og fjármálakerfið, menntakerfið, menningarstofnanir, ferðaþjónustan, löggæslan, kjör hinna verst settu og þannig mætti áfram telja þarfnast óskiptrar athygli og í framhaldinu aðgerða sem endurspegla ríkidæmi þjóðarinnar og möguleika til velferðar borgaranna. Sátt þarf að nást um atvinnulífið, skattlagningu, sjávarútveginn og auðlindagjald, náttúru landsins, virkjanakosti, stóriðju, framtíð og möguleika hinna dreifðari byggða.

Ríkisstjórn sem ætlar að ná utan um þessi verkefni og fleiri til, þarf að hugsa út fyrir hefðina og viðjar vanans. Þessi ríkisstjórn þarf ríflegan meirihluta og leiðtoga sem eru reiðubúnir til þess að gera málamiðlanir, takast á við innri sem ytri átök og endurhugsa íslensk stjórnmál. Það er verkefni dagsins í dag.

**Ríkisstjórn sem ætlar að ná utan um þessi verkefni og fleiri til, þarf að hugsa út fyrir hefðina og viðjar vanans.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Allt eða ekkert**
Samfylkingin vann sætan sigur í borgarstjórnarkosningunum fyrir tveimur árum síðan með fimm borgarfulltrúa og Dag B. Eggertsson öruggan sem borgarstjóra. Í sveitarstjórnarkosningunum fékk Samfylkingin 17.426 atkvæði en fær aðeins 3.766 samtals úr Reykjavíkurkjördæmunum tveimur nú. Samfylkingin hefur þurrkast út á höfuðborgarsvæðinu og er með engan þingmann í þeim þremur kjördæmum sem hingað til hafa þótt sterkustu vígin. Spurningin er hvort borgarstjórnarflokkurinn muni bjarga ásýnd Samfylkingarinnar i borginni eða gjalda annað eins afhroð eftir tvo ár.

**Þjóðarskútan**
Það stýrir enginn Pírati þjóðarskútunni eftir kosningar eins og margir höfðu spáð. Nokkrir þingmenn flokkanna fjögurra sem höfðu lýst yfir samstarfsvilja eftir kosningar voru þegar orðnir hvítir á hnúunum af gremju í garð flokksins og samstarfið var í raun andvana fætt. Þrátt fyrir að Píratar hafi borið sig vel þegar talið var upp úr kjörkössunum og þriðja sætið orðið ljóst herma heimildir blaðsins að tíðindin hafi komið þeim verulega á óvart. Lokafundi fjórbandalagsins á fimmtudag hafi nefnilega lokið með því að einn Píratinn spurði hreinskilnislega: „Og hvenær hringir forsetinn svo í mann?“

snaeros@frettabladid.is

# Kirkjan er ekki ríkisstofnun



Gunnlaugur Stefánsson
Heydölum

Skoðanakannanir um aðskilnað ríkis og kirkju eru tímaskekkja. Enn var það ítrekað í sumar þegar tilkynnt var úr fjármálaráðuneytinu að taka ætti presta undan forsjá Kjararáðs. Við nánari skoðun reyndist það illmögulegt af því að kirkjan með starfsfólki sínu er ekki ríkisstofnun, heldur sjálfstætt félag samkvæmt lögum. Prestar og starfsfólk Þjóðkirkjunnar geta ekki samið við ríkið eins og vinnuveitanda um launin sín, af því að kirkjan er sjálfstæð og aðskilin frá ríkinu. Í gildi er lögbundinn viðskiptasamningur á milli kirkju og ríkis um yfirtöku ríkisins á jarðeignum kirkjunnar og afgjaldið fyrir jarðirnar stendur undir launum presta og starfsfólks á Biskupsstofu. Síðan ákveður Kjararáð fjárhæð launanna. Þessi skipan hefur reynst vel og ólíklegt að annað fyrirkomulag dugi betur.

Þetta staðfestir enn og aftur, að kirkjan er sjálfstæð, frjáls og aðskilin frá ríkinu og er í samræmi við ákvæði 62. gr. stjórnarskrárinnar sem var það eina sem fólkið í landinu vildi ekki breyta í þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur að nýrri stjórnarskrá: „Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera Þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda“. Hér er einmitt kveðið á um aðskilda kirkju frá ríkinu sem skal njóta stuðnings og verndar ríkisvaldsins að því leyti að hún sé evangelísk og lútersk.

Enda eru miklir hagsmunir í húfi að varðveita og rækta evangelískan og lúterskan sið í landinu sem er grundvöllur frelsis, réttlætis og velferðar, og Norðurlöndin hafa verið þekkt af, og mótað hefur menningu og gildismat okkar um aldir. Þar er kirkjan kjölfesta og hefur auk þess umsjón með þjóðarverðmætum sem aldrei verða metin til fjár. En umfram allt, þá er kirkjan alltaf til þjónustu reiðubúin við fólkið í landinu og stundum eina skjólið þegar á reynir. Þá skiptir máli að vera sjálfstæð í þjónustu og störfum. Það staðfesta lögin um sjálfstæði Þjóðkirkjunnar frá árinu 1997 og sýna að skoðanakannanir um aðskilnað ríkis og kirkju byggja á staðleysum og eru tímaskekkja.

**Prestar og starfsfólk Þjóðkirkjunnar geta ekki samið við ríkið eins og vinnuveitanda um launin sín, af því að kirkjan er sjálfstæð og aðskilin frá ríkinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Sara McMahon sara@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
31. OKTÓBER 2016 MÁNUDAGUR



Hópurinn í Dubai (f.v.), Sara Jónsdóttir, stjórnandi HönnunarMars, Þórunn Hannesdóttir hjá North Limited, Sigríður Hjaltdal hjá North Limited, Róshildur Jónsdóttir og Snæbjörn Stefánsson hjá 1+1+1 og Gústav Jóhannsson og Ágústa Magnúsdóttir hjá AGUSTAV. MYND/HÁLFDÁN PEDERSEN

# SÉRSTÖK OG ÖÐRUVÍSI

Íslenskir hönnuðir tóku þátt í stærstu sölusýningu hönnunar í Miðausturlöndum í síðustu viku undir merkjum HönnunarMars. Básinn vakti mikla athygli sýningargesta og nálgun íslensku hönnuðanna þótti sérstök og öðruvísi. Það voru fyrirtækin Agustav, 1+1+1 og North Limited sem kynntu hönnun sína.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Þrjú íslensk hönnunarteymi sýndu á Dubai Design Week í síðustu viku en þetta er í fyrsta sinn sem íslenskir hönnuðir taka þátt á þessari stærstu sölusýningu hönnunar í Miðausturlöndum.

Á hverju ári bjóða skipuleggjendur Dubai Design Week og sölusýningarinnar Downtown Design þremur til fimm hönnunarvikum að sýna á hátíðinni. Í ár var HönnunarMars frá Reykjavík valin, auk hönnunarvikna frá Barcelona, Addis Ababa, Beirut og Taipei en hátíðin fór fram dagana 25.-28. október.

Það voru fyrirtækin Agustav, 1+1+1 og North Limited sem kynntu hönnun sína en þetta var mikið tækifæri fyrir fyrirtækin þrjú og um leið fyrir HönnunarMars að sögn Söru Jónsdóttur, verkefnastjóra HönnunarMars, sem fór út til Dubai með íslenska hópnum. „Stjórnendur í Dubai voru ráðleggjandi varðandi val á fyrirtækjunum héðan og ljóst er að þeir hafa áhuga á að kynna norræna hönnun og verkefni sem eru mun nær grasrót hönnunar en almennt sést í Dubai.“

Dubai Design Week er stór hátíð með fjölda viðburða um alla borg að sögn Söru. „Downtown Dubai er sölusýning í risastóru tjaldi þar sem fyrirtæki leigja sýningarbása. Þar voru alls kyns fyrirtæki, frá Swarovski yfir í norsku Jotun málninguna, eða Hermann Miller yfir í Gaggenau. Innan um stóru fyrirtækin voru svo hönnunarhátíðirnar með minni fyrirtæki frá sínum löndum. Þar gafst fyrirtækjum okkar mjög gott tækifæri til að hitta kaupendur, framleiðendur og mynda tengslanet. Ef allt gengur að óskum verða til viðskiptasambönd sem geta orðið verulega verðmæt í framtíðinni.“

### Básinn vakti athygli

Sara segir hönnuðina að baki Agustav, 1+1+1 og North Limited hafa sjálfbærni að leiðarljósi við hönnun á hágæða vörum sem bera með sér sterkan keim norrænn-





GEZE
Fyrirtæki - Húsfélög
Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi
Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.
Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



Eitt er að vinstri mönnum líður ekki vel í einum stórum flokki – þeir eru of miklir einstaklingshyggjumenn til að geta unað sér til lengdar í flokki sem hefur um og yfir þrjátíu prósenta fylgi. Þeir eru vanir hægindum smáflokksins – vilja vera „í sinn hóp“. Stundum er talað um að frumskylda formanns Sjálfstæðisflokksins sé að halda liði sínu saman, með góðu og illu. Einhvern veginn hefur maður ekki skynjað þá hugsun hjá forystu Samfylkingarinnar; það var eins og allir ypptu öxlum hálfgeispandi yfir því þegar Björt framtíð var stofnuð kringum sömu stefnu og Samfylkingin hefur og létu sér vel líka þegar Píratar létu greipar sópa um hefðbundin stefnumál SF. Samt var það sjálf forsendan fyrir tilveru Samfylkingar að þar störfuðu saman ólíkir hópar, ólíkir, jafnvel þrasgjarnir, armar með ólík sjónarmið, en sameiginlegar hugsjónir um jöfnuð, frelsi, mannúð og félagshyggju. Einhvers staðar gleymdist þetta; það stóð aldrei til að Samfylkingin yrði Alþýðuflokkurinn. Hvað þá Þjóðvaki. Kannski fór Samfylkingin að trúa því sjálf að hún væri lítill krataflokkur þegar hún álpaðist í stjórn með íhaldinu 2007 og gerðist á elleftu stundu ábekingur Hrunsins.

En annaðhvort er Samfylkingin flokkur með þrjátíu prósenta fylgi – bandalag ólíkra hópa – eða hún á sér engan tilverugrundvöll. Þannig er komið fyrir henni nú, hún er ekki einu sinni Alþýðuflokkurinn - hún er þarna lengst niðri hjá öfgahópunum sem eru þeim viljugri að kenna sig við fylkingu sem fylgið er minna …

Vg er sigurvegarinn á vinstri vængnum – aftur miðað við skoðanakannanir. Og ekki bara úr kosningunum heldur líka úr sjálfri baráttunni, hvernig málflutningurinn var, samkvæmur sér, hófsamur og trúverðugur. Flokkurinn er reyndar með fylgi sem þótt hefði afhroð hjá Samfylkingu á meðan hún var og hét, en gott og vel: undir forystu Katrínar Jakobsdóttur hefur Vg á sér góðan svip; gott ef þau eru ekki hreinlega nútímalegir jafnaðarmenn, sem táknar allt annað nú á dögum en það gerði á mektarárum Blairismans, sem lék Samfylkinguna svo grátt. Því verður ekki trúað að Vg fari í banvænan faðm Sjálfstæðisflokksins, en hitt er spurning dagsins: Á ríkisstjórnin sér viðreisnar von?





Álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2016 er lokið

**Álagningarseðlar** eru nú aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra á rsk.is og skattur.is.

**Álagningarskrár** fyrir hvert sveitarfélag liggja frammi á viðkomandi starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða sérstaklega auglýstum stöðum dagana 31. október til 14. nóvember 2016 að báðum dögum meðtöldum.

**Kærufresti** vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur föstudaginn 30. desember 2016.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt 98. gr. laga nr. 90/2003.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | rsk@rsk.is | 442 1000 Þjónustuver 9:30-15:30 | Stofnun ársins 2016

Nánari upplýsingar á rsk.is






Arnar Freyr Arnarsson er vonandi leikmaðurinn sem Ísland hefur verið að leita að – alhliða línumaður sem getur bæði spilað vörn og sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Vonandi stenst ég væntingar

**Arnar Freyr Arnarsson er maðurinn sem á að leysa línuvandræði íslenska landsliðsins. Framarinn ungi byrjar frábærlega í atvinnumennskunni þar sem honum var kastað í djúpu laugina í Meistaradeildinni.**

**HANDBOLTI** Geir Sveinsson, landsliðsþjálfari í handbolta, hristi ærlega upp í hlutunum þegar hann valdi hópinn fyrir leikina gegn Tékklandi og Úkraínu í undankeppni EM 2018 sem fram fara í þessari viku. Lykilmenn á borð við Snorra Stein og Alexander Petersson eru hættir og þá valdi Geir ekki stórlaxa á borð við Róbert Gunnarsson og Vigni Svavarsson.

Geir finnst of margir línumenn hafa verið í hópnum undanfarin misseri en tvær skiptingar milli varnar og sóknar hafa verið vandamál liðsins í langan tíma, sérstaklega í nútíma handbolta þar sem svona skiptingar eru að deyja út.

Svar Geirs við þessu var að kalla inn Arnar Frey Arnarsson, tvítugan Framara sem er á sínu fyrsta tímabili sem atvinnumaður hjá Svíþjóðarmeisturum Kristianstad. Þar hefur þessi tröllvaxni og ljóshærði línumaður fengið að spila bæði vörn og sókn og er að taka miklum framförum. Í síðustu leikjum hefur hann verið að skora 4-6 mörk í leik og þá var honum kastað beint í djúpu laugina í Meistaradeildinni þar sem hann spilar við þá bestu í hverri viku.

### Bjóst ekki við að vera valinn

„Ég er mjög glaður að vera kominn í landsliðið,“ segir Arnar Freyr en Fréttablaðið tók hann tali eftir æfingu liðsins í Laugardalshöll í gær þar sem ríflega helmingur hópsins var kominn saman fyrir leikinn gegn Tékklandi á miðvikudagskvöldið. Hann segir landsliðskallið hafa komið sér á óvart.

„Ég verð að segja það. Ég bjóst ekki við að vera valinn því við eigum svo frábæra línumenn. Geir vill samt greinilega hafa mig þannig að ég ætla að reyna að sýna hvað ég get og halda mér í hópnum,“ segir Arnar.

Geir vill samt augljóslega miklu meira en bara hafa Arnar í hópnum. Reynsluboltar voru settir á ís en hann tekinn inn – leikmaður sem getur bæði spilað sókn og vörn. Í raun er smá pressa á Arnari að standa sig og sá stóri er hvergi banginn.

„Það er bara fínt. Ég fíla það. Ég vil eins mikla pressu og hægt er. Þannig er þetta hjá mér í Svíþjóð. Það eru 5.000 manns á hverjum leik þannig að það er eins gott að standa sig. Ég fíla pressuna í botn og vonandi næ ég bara að standast þessar væntingar.“

Þrátt fyrir að vera ekki smeykur er Arnar fullmeðvitaður um að það verður ekkert grín að koma sér inn í spilamennsku íslenska liðsins á jafnskömmum tíma og það fær til æfinga.

„Það er mikil vinna framundan og lítill tími til að vinna með þannig að við sjáum til. Ég á að spila þrist í vörn og þar er maður mikið að hugsa og leiðbeina þannig að þetta verður erfitt. En til þess er maður í þessu. Ég vill hafa þetta erfitt og krefjandi. Þannig bætir maður sig,“ segir Arnar Freyr.

### Veit hvað þarf að bæta

Stökkið hjá Arnari var og er stórt. Hann fór úr Olís-deildinni hér heima í meistaralið í Svíþjóð sem spilar í Meistaradeildinni. Óhætt er að fullyrða að fáir leikmenn hafi fengið aðra eins eldskírn í Meistaradeildinni en Arnar Freyr er búinn að mæta Vardar Skopje, Evrópumeisturum Kielce, PPD Zagreb og Rhein Neckar Löwen.

„Það er stór plús fyrir mig að spila í Meistaradeildinni og það hjálpar mér mikið að bæta mig. Ég er búinn að standa mig vel í Svíþjóð og allt í lagi í Meistaradeildinni,“ segir Arnar sem er búinn að skora tíu mörk í þessum fjórum leikjum en fjögur af þeim komu í eins marks tapi gegn Þýskalandsmeisturum Löwen. Leikirnir gegn þeim bestu hafa sýnt Arnari hvað hann þarf að bæta.

„Þetta hefur gengið ágætlega en ef ég á að gagnrýna mig fyrir eitthvað á ég enn eitthvað í land líkamlega. Ég er nú samt bara tvítugur þannig að það verður ekkert mál. Ég mætti líka alveg vera sneggri á fótunum en þetta kemur. Ég er nú þegar búinn að bæta mig helling. Ég þarf að styrkja mig en passa samt að verða ekki of þungur því ég vil spila bæði vörn og sókn og verð því að halda snerpunni,“ segir Arnar Freyr.

Þegar Arnar Freyr spilaði hér heima var hann mest notaður sem varnarmaður en hann skoraði tvö mörk að meðaltali í leik á síðustu leiktíð .

„Mér finnst að þjálfarar á Íslandi ættu að leyfa línumönnum sem geta spilað vörn og sókn að gera það. Við verðum að búa til fleiri svona leikmenn því svona er alþjóðlegi boltinn í dag. Menn verða að geta spilað beggja megin vallarins. Það er ekkert lengur hægt að skipta í vörn og sókn. Sérstaklega ekki í Meistaradeildinni.“ **tomas@365.is**




Kristianstad-strákarnir Arnar Freyr, Ólafur og Gunnar Steinn á landsliðsæfingu í gærkvöldi.

## Tala íslensku í leikjum

Með Arnari Frey hjá Kristianstad spila Ólafur Guðmundsson og Gunnar Steinn Jónsson en allir eru þeir í íslenska landsliðshópnum. Ólafur og Gunnar hafa hjálpað Arnari mikið á sinni fyrstu leiktíð í atvinnumennskunni.

Ólafur varð meistari með Kristianstad á síðustu leiktíð en Gunnar er nýr hjá liðinu eins og Arnar. Hann er þó öllu reyndari sem atvinnumaður.

„Það er alveg geggjað að vera með tvo Íslendinga með mér sem hjálpa mér að komast inn í leikkerfin og tungumálið. Þegar við erum þrír inná vellinum að spila tölum við líka bara íslensku. Það sem þeir hafa gert fyrir mig hingað til er alveg ómetanlegt. Að spila í Meistaradeildinni er líka stór plús og það er að hjálpa mér mikið að bæta mig. Ég er rosalega ánægður með þetta,“ segir Arnar Freyr.

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | | |
|---|---|---|
| Sunderland | 1–4 | Arsenal |
| Man. Utd | 0–0 | Burnley |
| M.Boro | 2–0 | Bournemouth |
| Tottenham | 1–1 | Leicester |
| Watford | 1–0 | Hull |
| WBA | 0–4 | Man. City |
| C. Palace | 2–4 | Liverpool |
| Everton | 2–0 | West Ham |
| Southampton | 0–2 | Chelsea |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 23 | West Ham | 10 |
| Arsenal | 23 | Stoke | 9 |
| Liverpool | 23 | Hull | 7 |
| Tottenham | 20 | Swansea | 5 |
| Chelsea | 19 | Sunderland | 2 |

**Hvað gerðu Gylfi og Jóhann Berg?**
Jóhann Berg Guðmundsson var í byrjunarliði nýliða Burnley sem gerðu sér lítið fyrir og sóttu stig á Old Trafford. Jóhann Berg spilaði mjög vel í leiknum, sérstaklega í vörninni. Gylfi mætir Stoke í kvöld



**Stærstu úrslitin** Middlesbrough vann Bournemouth, 2-0, sem var mikilvægt fyrir nýliðana. Þeir voru fyrir leikinn um helgina ekki búnir að vinna í sjö leikjum í röð.

**Hetjan** Tom Heaton, markvörður Burnley, bauð upp á eina ótrúlegustu frammistöðu í manna minnum gegn United. Hann varði allt sem kom á markið og var öruggur allan leikinn.

**Kom á óvart** Jafntefli Burnley kom hvað helst á óvart í umferð þar sem nær öll efstu liðin unnu nema Tottenham sem gerði jafntefli við Englandsmeistara Leicester. Burnley sótti gott stig á Old Trafford.

**Þetta West Ham-lið eru svo mikil vonbrigði. Ömurleg kaup í sumar. Allir nýju mennirnir hafa ekkert gert, bara skemmt.**

Magnús Andrésson
@MagnusAndresson

**Olís-deild kvenna**

**Grótta - Valur 25-29**
**Markahæstar:** Sunna María Einarsdóttir 8, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 7, Emma Havin Sardarsdóttir 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 2 - Díana Dögg Magnúsdóttir 8, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 4, Kristín Guðmundsdóttir 3.

**Stjarnan - Fylkir 25-20**
**Markahæstar:** Helena Rut Örvarsdóttir 8, Solveig Lára Kjærnested 4, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 3, Nataly Sæunn Valencia 3 - Thea Imani Sturludóttir 8, Christine Rishaug 4, Þuríður Guðjónsdóttir 4, Hildur Björnsdóttir 2.

**Haukar - Selfoss 27-28**
**Markahæstar:** Ramune Pekarskyte 6, Maria Ines Da Silve 5, Guðrún Erla Bjarnadóttir 4, Vilborg Pétursdóttir 4 - Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 12, Perla Ruth Albertsdóttir 4, Dijana Radojevic 4, Adina Maria Ghidoarca, Carmen Palamariu 3,

**Fram - ÍBV 20-17**
**Markahæstar:** Ragnheiður Júlíusdóttir 7, Hildur Þorgeirsdóttir 4, Steinunn Björnsdóttir 4, Hulda Dagsdóttir 1, Eva Þóra Arnardóttir 1 - Ester Óskarsdóttir 8, Telma Silva Amado 3, Sandra Erlingsdóttir 3, Sandra Dís Sigurðardóttir 2.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Fram | 13 | ÍBV | 6 |
| Stjarnan | 13 | Selfoss | 4 |
| Haukar | 10 | Fylkir | 2 |
| Valur | 8 | Grótta | 2 |

# Hokkílæknir til bjargar

**Jón Guðni Fjóluson átti ekki að spila meira á leiktíðinni með Norrköping eftir slæmt höfuðhögg frá íslenskum leikmanni í Meistaradeildarleik. Hitti lækni úr annarri íþrótt sem gaf grænt ljós. Þriggja barna faðir sem nýtur lífsins í Svíþjóð.**

**FÓTBOLTI** „Ég er bara að horfa á leikinn í sjónvarpinu - þetta er ekkert skemmtilegur leikur,“ segir Jón Guðni Fjóluson, miðvörður IFK Norrköping í sænsku úrvalsdeildinni, léttur í viðtali við Fréttablaðið.

Leikurinn sem um ræðir er 1-1 jafnteflisleikur hans manna gegn Íslendingaliðinu Hammarby á útivelli en Jón tók út leikbann eftir að fá rautt spjald í umferðinni á undan og verður því að láta sér nægja að horfa á leikinn í sófanum heima.

Það var vitaskuld svekkjandi fyrir Jón Guðna að fá rautt í síðustu umferð en það var þó betra að vera yfir höfuð inni á vellinum. Þar átti hann ekki að vera miðað við þær fréttir í byrjun mánaðar að tímabili miðvarðarins væri lokið vegna höfuðhöggs sem hann fékk í leik gegn Rosenborg í forkeppni Meistaradeildarinnar.



### Fékk grænt ljós

Framarinn missti af tólf leikjum frá 23. júlí til 18. október þegar hann sneri aftur nokkuð óvænt. „Það var búið að afskrifa mig en síðan var farið með þetta aðeins lengra,“ segir Jón Guðni sem kom inn á sem varamaður gegn Falkenberg en spilaði svo allan leikinn fram að rauða spjaldinu gegn Elfsborg í síðustu umferð.

„Þetta eru óvenjuleg meiðsli í fótbolta,“ segir Jón, en hann fékk slæmt högg á bein rétt við gagnaugað - þó ekki kjálkabeinið - sem er þynnra en höfuðkúpan og stórhættulegt að fá annað högg á meðan brotið er að gróa.

„Þeir grófu upp hokkílækni og sérfræðinga sem eru vanari svona meiðslum. Þeir sögðu að það væri í lagi að spila með svona grímu eða hjálm eins og ég nota núna. Það verndar þetta. Þetta var samþykkt af sérfræðingum eftir að hjálmurinn var smíðaður.“

Jón fagnar því að sjálfsögðu að komast fyrr út á völlinn en tíminn á hliðarlínunni var erfiður.

„Það var mjög gaman að fá að spila aftur og líka óvænt. Maður var búinn að vera hundfúll og illa pirraður að vera bara alltaf skokkandi á hliðarlínunni á meðan hinir spiluðu leikina. Tímasetning var líka leiðinleg. Ef ég hefði komið til baka aðeins fyrr hefði ég náð toppbaráttu leikjunum gegn Malmö og AIK,“ segir Jón Guðni, en tapið í síðustu umferð hjálpaði Malmö að verða meistari.

„Ég skil samt vel að ég fór ekki fyrr af stað. Þetta eru þannig meiðsli að það verður að fara mjög varlega með þetta. Ef ég hefði fengið annað högg hefði allt getað farið á versta veg. Það hefði getað blætt inn á þetta og kannski væri ég bara ekki hér,“ segir hann.

> Þetta eru þannig meiðsli að það verður að fara mjög varlega með þetta. Ef ég hefði fengið annað högg hefði allt getað farið á versta veg.
>
> Jón Guðni Fjóluson

### Einn af gömlu köllunum

Norrköping varð óvænt meistari í fyrra en þrátt fyrir að missa suma af sínum bestu leikmönnum eins og Arnór Ingva Traustason var engin meistaraþynnka hjá liðinu. Það er búið að tryggja sér Evrópusæti.

„Við komum öllum á óvart nema okkur sjálfum. Það héldu ekki margir að við gætum verið aftur í baráttunni vegna meiðslanna og leikmannanna sem við misstum,“ segir Jón og bætir við að stuðningsmenn liðsins og allir innan félagsins séu ánægðir með árangurinn.

„Félagið hefur verið í lægð undanfarin ár en nú er uppbyggingin að skila sér. Það voru margir seldir en samt náðum við að halda okkur við toppinn. Þetta hrundi aðeins undir lokin hjá okkur. Við töpuðu ekki í einhverjum 20 leikjum í röð en svo töpuðum við núna þremur af síðustu fjórum.“

Meðalaldurinn er ekki hár hjá Norrköping-liðinu og um það er Jón Guðni vel meðvitaður. „Ég er ekki nema 27 ára en samt eru bara 3-4 hérna sem eru eldri en ég. Maður er bara orðinn gamall,“ segir hann og hlær við.

Jón er orðinn þriggja barna faðir og segir fjölskylduna njóta sín í Norrköping. „Þetta eru orðin þrjú stykki. Núna er þetta bara orðið fínt,“ segir hann kíminn.

„Við erum mjög ánægð hérna og höfum ekki yfir neinu að kvarta. Þetta er félag á uppleið og menn vilja leggja eitthvað í þetta. Ég hlakka bara til næstu leiktíðar,“ segir Jón Guðni Fjóluson.

tomas@365.is







FRÉTTABLAÐIÐ
31. OKTÓBER 2016 MÁNUDAGUR

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1517** Marteinn Lúther hengir skjal í 95 greinum á kirkjudyrnar í Wittenbergkastala og hefur með því siðbótina.
**1817** Í Reykjavík er minnst þriggja alda afmælis siðbótar Marteins Lúthers.
**1931** Akstur Strætisvagna Reykjavíkur hefst og er fyrsta leiðin Lækjartorg-Kleppur.
**1934** Hæstiréttur Íslands dæmir Þórberg Þórðarson til að greiða 200 krónur í sekt fyrir meiðandi ummæli um Adolf Hitler og stjórn Þriðja ríkisins.
**1936** Þjóðviljinn hefur göngu sína og styður Kommúnistaflokkinn og síðar Sósíalistaflokkinn og Alþýðubandalagið.
**1964** Á Miklatúni í Reykjavík er afhjúpuð stytta af Einari Benediktssyni til að minnast aldarafmælis skáldsins.
**1975** Marokkó sendir her sinn inn í Spænsku-Sahara í aðdraganda Grænu göngunnar.
**1984** Indira Gandhi, forsætisráðherra Indlands, er myrt af lífvörðum sínum.



Írar og Skotar skáru út næpur og settu kerti í þær á Hrekkjavöku, en þegar þeir komu til Suðurríkja Bandaríkjanna lá beinast við að nota grasker, sem er miklu stærra sem lukt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sérstaklega áberandi á Íslandi síðustu tvo áratugi

**Hrekkjavaka á rætur sínar að rekja til heiðinnar hátíðar frá fyrstu öld fyrir Krist. Hátíðin var fyrst haldin meðal keltneskra þjóða og færðist til Bandaríkjanna á 19. öld. Dagurinn markar upphaf dekkri helming ársins og er á mörkum heima hinna dauðu og lifandi.**

Hrekkjavaka gengur formlega í garð í dag, þó að margir hafi orðið varir við Hrekkjavökupartí um nýliðna helgi. Flestir tengja Hrekkjavöku við Bandaríkin, en siðurinn er mun eldri og barst til Bandaríkjanna með Írum og Skotum sem fluttu þangað á 19. öld.

„Þetta er fyrst og fremst hátíð sem á rætur sínar að rekja til keltneskra þjóða, sem voru víðast hvar í Norður-Evrópu til dæmis í Frakklandi og Bretlandi og í Skotlandi og á Írlandi. Þetta á rætur sínar að rekja til heiðinnar hátíðar frá því á fyrstu öld fyrir Krist og hét þá Samhaim,“ segir Kristinn Schram, lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

„Nafnið Halloween kemur frá því að þegar kirkjan yfirtekur þennan sið, þá verður þetta að Allraheilagramessu. Þetta er stytting á All Hallow's Evening,“ segir Kristinn.

Hann segir óvíst hvenær nákvæmlega hátíðin kom til Íslands. „En maður hefur fundið fyrir því á síðustu tveimur áratugum sérstaklega að krakkar séu að bera sig til við það að ganga í hús og halda Hrekkjavökupartí. Maður sér einnig að þetta er farið að einkenna skemmtanalífið á þessum degi, og barir, ekki síst þar sem er mikið um ferðamenn, eru farnir að halda þennan dag hátíðlegan.“



Kristinn Schram, lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands. MYND/KS

> Barir, ekki síst þar sem er mikið um ferðamenn, eru farnir að halda þennan dag hátíðlegan.

Dagurinn er fyrsti vetrardagur í keltnesku tímabili. „Það má marka þetta sem upphaf dekkri helming ársins og þetta er dagur sem er á mörkum tveggja heima, heima þeirra lifandi og látinna, okkar mannfólksins og álfheima. Fólk taldi að sálir þeirra sem höfðu látist á árinu, og álfar, væru jafnvel á ferli. Til að halda þessum vættum góðum þá voru þeim gefnar matargjafir. Þetta er að einhverju leyti rætur þess síðar að ganga í hús og biðja um sælgæti,“ segir Kristinn.

Hann segir að Írar og Skotar hefðu verið að skera út næpur og setja kerti í þær, en þegar þeir komu til Suðurríkja Bandaríkjanna lá beinast við að nota grasker sem er miklu stærra sem lukt. „Í Bandaríkjunum þróaðist þetta yfir í það að vera kannski barnahátíð, en þó held ég að kjarni hennar hafi að einhverju leyti haldist sem er ákveðin óttablandin virðing fyrir hinu yfirnáttúrlega,“ segir Kristinn.

saeunn@frettabladid.is

---



Yndisleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Gyða Sveinbjörnsdóttir**

Lambhaga 26, Selfossi,

lést miðvikudaginn 26. október.

**Ólafur Th. Ólafsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir tengdafaðir og afi,

**dr. Jónas Bjarnason**

efnaverkfræðingur,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 21. október. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 1. nóvember klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Hollvinasamtök Grensásdeildar.

**Kristín G. Hjartardóttir**
**Jónas Örn Jónasson** **Kristín Lórey Guðlaugsdóttir**
**Kristófer Már Jónasson** **Óliver Örn Jónasson**
**Kristian Þór Jónasson**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hilmar Guðbrandsson**

Gullsmára 7,

áður til heimilis í Hraunbæ 132, andaðist á heimili sínu laugardaginn 22. október. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

**Bjarney Guðjónsdóttir**
**Helga Hilmarsdóttir** **Örn Þráinsson**
**Guðjón Hilmarsson** **S. Ingibjörg Jósefsdóttir**
**Bragi Hilmarsson** **Björk Norðdahl**
**Arnar Hilmarsson** **Margrét Guðmundsdóttir**
**Arndís Hilmarsdóttir** **Guðmundur Mar Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Páls Halldórssonar**

Sléttuvegi 17, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við hjúkrunarfólki Landspítalans á Vífilsstöðum fyrir góða umönnun og stuðning við fjölskylduna.

**Ragnheiður S. Jónsdóttir**
**Gunnar Pálsson** **Elín Snorradóttir**
**Sigrún H. Pálsdóttir** **Eggert Bjarni Ólafsson**
**Halldór Pálsson**
**Ragnar K. Pálsson** **Latifa El Bassam**
**Kristín I. Pálsdóttir** **Ib Göttler**
**Sturla Pálsson** **Helga Jónsdóttir**
**Ragnheiður Pálsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Sigríður Einarsdóttir**

Roðasölum 1, Kópavogi,

sem lést 19. október, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

**Einar Stefánsson**
**Tryggvi Stefánsson** **Margret G Flóvenz**
**Erna Stefánsdóttir** **Hrafn Hilmarsson**
**Guðbjörg Sigrún Stefánsdóttir** **Oddur Árnason**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Reynir Jónsson**

Sunnubraut 16, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 21. október. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 3. nóvember kl. 13:00.

**Sævar Reynisson** **Gunnhildur Guðlaugsdóttir**
**Guðmundur Óli Reynisson** **Svala Rún Jónsdóttir**
**Jóhanna Reynisdóttir** **Ólafur Eyþór Ólason**
**Guðný Reynisdóttir** **Axel Arnar Nikulásson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ORMSSON

# Þvottadagar

## fyrir heimilin í landinu

15%

## LÆKKAÐ VERÐ* MEÐ AFSLÆTTI AÐ AUKI




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 63272FL*
Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 75.900,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 89.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 63472FL*
Tekur 7 kg af þvotti.
1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 84.900,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 99.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 76485FL*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 109.900,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 129.900,-




**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 76806FL*
Tekur 8 kg af þvotti.
1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.

**Nú kr. 126.900,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 149.900,-

## LOKADAGAR



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T61271AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Nú kr. 84.900.-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 99.900,-



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T76280AC
Barkarlaus þurrkari með rakaskynjara. Tekur 8 kg. af þvotti. Ný ryðfrí tromla sem minnkar slit og snýst í báðar áttir.

**Nú kr. 92.900.-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 109.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu.
Hljóðlát 43db með 7 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 109.900,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 129.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu.
Hljóðlát 39db með 6 þvottakerfi og þurrkun.

STÁL **Nú kr. 101.900,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 119.900

* *Í síðasta mánuði lækkaði Ormsson öll verð á AEG þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum vegna styrkingar á gengi krónunnar og hagstæðra innkaupa.*

ormsson.is

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Nokkuð hvöss norðvestanátt á austurhelmingi landsins í dag , jafnvel stormur á Austfjörðum og einnig á Suðausturlandi fram eftir degi. Mun hægari vindur vestantil á landinu. Él á norðaustanverðu landinu og stöku skúrir eða él vestantil. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig.

### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 2° | 1° |
| ↑ 3 | ↗ 7 | → 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 3° | -1° |
| ↘ 9 | ↘ 8 | ↗ 1 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 2° | 2° |
| ↖ 15 | ↖ 11 | ↑ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 4° | -1° |
| ↑ 7 | ← 7 | ↖ 15 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. grunnflötur
6. pot
8. ung stúlka
9. kóf
11. voði
12. hólf
14. narsl
16. stefna
17. gerast
18. höld
20. tveir
21. innyfla

**LÓÐRÉTT**
1. tónlistarstíll
3. Hljóm
4. fugl
5. af
7. fjarskiptatæki
10. forað
13. framkoma
15. Jarðefni
16. á sjó
19. íþróttafélag



**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gólf, **6.** ot, **8.** mær, **9.** kaf, **11.** vá, **12.** klefi, **14.** snarl, **16.** út, **17.** ske, **18.** tök, **20.** ii, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** frá, **7.** talstöð, **10.** fen, **13.** fas, **15.** leir, **16.** úti, **19.** kr.

### Skák Gunnar Björnsson



Ravi átti leik gegn Konguvel í Indlandi árið 1992.

**Svartur á leik**

**1...Dxe2! 2. Hxe2 Rf3+ 0-1.** Norðurlandamótinu í skák lauk í Sastamala í Finnlandi lauk í gær. Endasprettur íslensku keppendanna var afar góður. Guðmundur hlaut 5 vinninga í 9 skákum og Einar Hjalti 4 vinninga.
**www.skak.is:** Unglingamót í Uppsölum.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | 5 | | 6 | 7 |
| 9 | 3 | | | 6 | | 4 | | 1 |
| 5 | | 6 | | | | 2 | 8 | |
| | 2 | 5 | | | | | | 3 |
| 7 | 4 | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | | 2 | | | 4 |
| | | 3 | 6 | | 1 | 8 | | |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | |
| | | | 8 | 5 | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | | 7 | 2 | 9 | | |
| | 3 | | | | 4 | 2 | 1 | |
| | | | | 6 | | 5 | | |
| | 1 | | 4 | 2 | | | | |
| | | 8 | 6 | | | | | |
| | 2 | | 1 | | 9 | | 3 | 8 |
| | | 6 | | | 3 | | | 7 |
| 9 | 5 | | | | | | 4 | 2 |
| 1 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | 7 | | | | |
| | 3 | | 2 | | 9 | 1 | | |
| | | 4 | 5 | | | | 6 | |
| | 1 | | | | | 7 | | 6 |
| 2 | 5 | 7 | | | | 4 | | |
| | | | | | | 5 | 3 | |
| | | | 1 | 2 | 6 | | | 8 |
| | | | 4 | 9 | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 1 | 2 | 8 | 4 | 7 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | 6 | 4 | 5 | 9 | 3 |
| 1 | 7 | 5 | 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 1 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 1 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 7 | 5 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 1 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 7 | 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 4 | 5 |
| 3 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 5 | 4 | 2 | 7 | 6 |
| 4 | 2 | 6 | 9 | 8 | 7 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| DR. STRANGE 3D | 5.30, 8, 10.25 (P) |
| JACK REACHER 2 | 8, 10.30 |
| TRÖLL 2D ÍSL TAL | 6 |
| INFERNO | 10.30 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30, 8 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 6:30 - 9 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |
| SULLY | KL. 8 - 10:10 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:50 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 9:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 7 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 5:30 - 10:20 |
| DEEPWATER HORIZON | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |
| STORKAR ÍSL TAL | KL. 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DOCTOR STRANGE 3D | KL. 8 - 10:30 |
| JACK REACHER 2 | KL. 8 - 10:30 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?
# Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 31. OKTÓBER

### Viðburðir

**Hvað?** Við leikum oss með örvar og endurskrifum net
**Hvenær?** 20:00
**Hvar?** Bókasafn Akraness
Sigurbjörg Þrastardóttir stýrir dagskrá rithöfundakvölds, fram koma:
Orri Harðarson, Endurfundir
Ásmundur Ólafsson: Á Akranesi Sigurbjörg Þrastardóttir: Óttaslegni trompetleikarinn og aðrar sögur Lilja Sigurðardóttir: Netið
Pétur Gunnarsson: Skriftir
Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands.
Boðið er upp á kaffiveitingar, allir velkomnir, frítt inn.



**Hvað?** Láttu ekki deigan síga Guðmundur
**Hvenær?** 20:00
**Hvar?** Iðnó
Hin vinsæla sýning Stúdentaleikhússins frá 1984 verður leiklesin í Iðnó mánudaginn 31. október. Hippar, frjálst kynlíf, verkalýðs-, kvenna- og friðarbarátta, þetta allt – og meira til – má finna í ævisögu Guðmundar, sem lætur ekki deigan síga. Upphaflegi leikhópurinn – aðeins eldri - ásamt nýjum frjóöngum leiklesa þetta bráðfyndna leikrit eftir Eddu Björgvinsdóttur og Hlín Agnarsdóttur með söngvum við tónlist Jóhanns G. Jóhannssonar undir styrkri stjórn Þórhildar Þorleifsdóttur.




**Hvað?** Málþing – Lúthersk arfleifð í nútíma samfélagi
**Hvenær?** 15:30
**Hvar?** Háteigskirkja
Nefnd um fimm alda minningu siðbótar heldur uppteknum hætti og kallar til málþings á siðbótardaginn 31.október 2016. Spennandi og fræðandi fyrirlestrar.
-Egill Arnarson heimspekingur: Kreppa kennivalds í samtímanum.
-Haraldur Hreinsson guðfræðingur: Er nútíminn lútherskur? „Simul iustus et peccator“ og hversdagsmenningin.
-Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og framkvæmdastýra jafnréttisstofu: „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu.“ Konur, kvennabaráttan og siðbótin.
-Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir prófessor í guðfræðilegri siðfræði við HÍ: „Köllun mannsins í syndugum heimi. Orðræða Lútherska heimssambandsins um loftslagsmál í aðdraganda Parísarráðstefnunnar (COP21) 2015“.

**Hvað?** Haltu kjafti og skrifaðu leikrit ! (aftur!aftur!)
**Hvenær?** 20:00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Fyrir alla sem hafa áhuga á að koma og skrifa í góðum einbeittum hópi. Haltu kjafti og skrifaðu er hugmynd sem kemur frá San Francisco og er hugsuð til þess að hjálpa höfundum að koma sér af stað við skrif. Að skrifa er oft einmannalegt verk og því gott að geta hitt aðra höfunda, skrifa með þeim og svo ræða eigin verk og annarra. Allir sem hafa áhuga á því að skrifa eru velkomnir á viðburðinn og skiptir engu hvort höfundar séu með verk í vinnslu eða á algjöru frumstigi, líka þótt það sé ekki leikrit.
Hugmyndin er svo að hafa viðburðinn einu sinni í mánuði ef það heldur áfram að ganga vel.




## Tilkynning um kaup Landsbankans á eigin hlutum á öðru endurkaupatímabili

Eins og fram kemur í tilkynningu Landsbankans, sem birt var á vef bankans 15. september 2016, hefur bankaráð Landsbankans ákveðið að nýta heimild til kaupa á eigin hlutum í bankanum sem veitt var á aðalfundi bankans 14. apríl 2016. Kaupin, sem fara fram á þremur endurkaupatímabilum, munu nema að hámarki samtals 480 milljónum hluta eða sem nemur 2% af útgefnu hlutafé.

Þann 30. september 2016 birti Landsbankinn tilkynningu um kaup á eigin hlutum á fyrsta endurkaupatímabilinu sem stóð yfir frá 19. september 2016 til og með 30. september 2016.

Annað endurkaupatímabil stendur yfir frá 31. október 2016 til og með 9. desember 2016.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir hluthafa sem vilja nýta sér boð bankans um kaup á hlutum á öðru endurkaupatímabili er að finna á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is/endurkaup. Þá verða upplýsingar veittar í síma 410 4040.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Innsæi / The Sea Within | 18:00 |
| Ransacked | 18:00 |
| Embrace Of The Serpen | 17:30 |
| Captain Fantastic | 20:00 |
| Child Eater | 20:00, 22:30 |
| Miss Peregrine's Home for Peculiar Children | 20:00 |
| Eiðurinn ENG SUB | 22:00 |
| Neon Demon | 22:30 |






## GULLI BYGGIR

Gulli Helga aðstoðar fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum þess og ekkert verkefni er of stórt þannig að það sé ekki leyst á frumlegan og skapandi hátt. Stórskemmtilegir þættir.

FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365



## GRAND DESIGNS: ÁSTRALÍA

Frábærir og flottir hönnunarþættir þar sem fylgst er með uppbyggingu og endurbótum á smekklegum heimilum fólks í Ástralíu. Hönnun og húsagerðarlist á heimsmælikvarða.



## THE NIGHT SHIFT

Það er nóg að gera hjá læknunum á bráðamóttökunni í San Antonio að vanda. Spennandi læknaþættir um ástir og örlög.



## WESTWORLD

Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðinsskemmtigarði en fljótlega kemur í ljós galli í vélmennunum sem hefur ógnvænlegar afleiðingar.

LOKAÞÁTTUR



## QUARRY

Lokaþáttur um Mac Collins sem upplifir sig utangátta í þjóðfélaginu eftir Víetnamstríðið og lendir í slæmum félagsskap þegar heim er komið.



## DRACULA UNTOLD

Allir þekkja hrollvekjuna um Dracula greifa. Mögnuð hrollvekja með Þorvaldi Davíð Kristjánssyni, Luke Evans og Dominic Cooper.



## GREAT HALLOWEEN FRIGHT NIGHT

Skemmtilegur og spennandi þáttur um nokkrar fjölskyldur sem etja kappi í hörkuspennandi skreytingarkeppni í tilefni hrekkjavökunnar.

365.is



# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** 2 Broke Girls
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Who Do You Think You Are
**11.05** Sullivan & Son
**11.25** Eldhúsið hans Eyþórs
**11.50** My Dream Home
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**13.25** Britain's Got Talent
**14.35** Britain's Got Talent
**15.05** Falcon Crest
**16.05** Tommi og Jenni
**16.30** Simpson-fjölskyldan
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Grand Designs. Australia
**20.10** Gulli byggir Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta í umsjón Gulla Helga sem aðstoðar nú fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum sínum.
**20.35** The Night Shift
**21.20** Westworld Hörkuspennandi þáttaröð úr smiðju J.J. Abrams og Jonathan Nolan sem byggð er á bók Michael Crichton. Þættirnir gerast í fullorðins þemagarði sem gengur úr á að vélmenni sem líkjast mönnum sinna öllum þörfum gesta garðsins. Fljótlega kemur í ljós galli í vélmennunum sem hefur ógnvænlegar afleiðingar.
**22.15** Quarry Spennandi og dramatísk þáttaröð sem byggð er á bókum Max Allan Collins um bandarískan sjóliða sem snýr aftur heim úr Víetnamstríðinu og upplifir sig utangátta í samfélaginu frekar en sem stríðshetju. Fyrir vikið leiðist hann út í slæman félagsskap. Ólafur Darri Ólafsson fer með hlutverk í þáttaröðinni.
**23.40** Major Crimes Fjórða þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum.
**00.25** The Path
**01.20** Underground
**02.05** True Story
**03.45** The Class of '92
**05.45** The Mysteries of Laura

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Everton - West Ham
**08.40** Cincinnati Bengals - Washington Redskins
**11.05** Atlanta Falcons - Green Bay Packers
**13.30** Southampton - Chelsea
**15.10** Stjarnan - Keflavík
**16.50** Körfuboltakvöld
**18.25** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.50** Football League Show
**19.20** Spænsku mörkin
**19.50** Stoke City - Swansea City
**22.00** Messan
**23.30** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**23.55** Football League Show
**00.25** Spænsku mörkin
**00.55** Messan

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.30** Sunderland - Arsenal
**10.10** Toronto Raptors - Cleveland Caval
**12.05** Barcelona - Granada
**13.45** Alavés - Real Madrid
**15.25** Bor. Dortmund - Schalke
**17.05** Skallagrímur - ÍR
**18.45** Formúla 1 - Keppni
**21.05** Crystal Palace - Liverpool
**22.45** WBA - Man. City

## STÖÐ 3

**17.25** Mike and Molly
**17.50** The League
**18.10** New Girl
**18.35** Modern Family
**19.00** Fóstbræður
**19.25** Ástríður
**19.55** Great Halloween Fright Night
**20.40** Who Do You Think You Are?
**21.45** The Vampire Diaries
**22.30** Banshee
**23.20** Klovn
**23.45** The Last Man on Earth
**00.10** The Americans
**01.00** The Mentalist
**01.40** Ástríður
**02.10** Great Halloween Fright Night
**02.50** Who Do You Think You Are?
**03.50** The Vampire Diaries
**04.35** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Lína langsokkur
**07.25** Gulla og grænjaxlarnir
**07.37** Stóri og litli
**07.49** Hvellur keppnisbíll
**08.00** Zigby
**08.10** Ævintýraferðin
**08.25** Skógardýrið Húgó
**08.47** Mæja býfluga
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur
**11.00** Lína langsokkur
**11.25** Gulla og grænjaxlarnir
**11.37** Stóri og litli
**11.49** Hvellur keppnisbíll
**12.00** Zigby
**12.10** Ævintýraferðin
**12.25** Skógardýrið Húgó
**12.47** Mæja býfluga
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur
**15.00** Lína langsokkur
**15.25** Gulla og grænjaxlarnir
**15.37** Stóri og litli
**15.49** Hvellur keppnisbíll
**16.00** Zigby
**16.10** Ævintýraferðin
**16.25** Skógardýrið Húgó
**16.47** Mæja býfluga
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur



Svampur Sveinsson kl. 10.24, 14.24 og 18.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** HSBC Champions
**11.00** Sanderson Farms Championship
**14.00** HSBC Champions
**17.50** Sanderson Farms Championship
**20.50** PGA Tour - Highlights
**21.45** Golfing World
**23.25** PGA Tour - Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Eragon
**13.35** Night At The Museum. Secret Of The Tomb
**15.15** Teenage Mutant Ninja Turtles
**16.55** Eragon
**18.40** Night At The Museum. Secret Of The Tomb Þriðja myndin um Larry og félaga á Smithsonian safninu í New York. Að þessu sinni standa þeir frammi fyrir stóru vandamáli því töfrarnir sem vekja persónur og dýr safnsins eru að hverfa og það er lítill tími til stefnu. Larry ákveður að reyna að bjarga þessum sögufrægu vinum sínum og ferðast til London á British Museum til að bjarga málunum.
**20.20** Teenage Mutant Ninja Turtles
**22.00** Dracula Untol
**23.35** The Conjuring Æsispennandi tryllir frá 2013. Myndin fjallar um rannsakendur sem sérhæfa sig í yfirskilvitlegum atburðum og hjálpa fjölskyldum sem komast í kynni við illar verur. Sagan gerist árið 1971. Caroly og Roger Parren flytja ásamt fjölskyldu sinni í niðurnýtt sveitabýli á Rhode Island og fljótlega fara hrollvekjandi og martraðakenndir hlutir að eiga sér stað. Í örvæntingu sinni, þá hefur Carolyn samband við rannsakendur sem sérhæfa sig í yfirskilvitlegum málum, Ed og Lorraine Warren. Þau komast að því að allt landsvæðið sem húsið stendur á hefur á sér djöfullega bölvun sem núna eltir fjölskylduna hvert sem hún fer.
**01.25** Ouija
**02.55** Dracula Untold

## RÚV

**16.50** Alþingiskosninga 2016: Leiðtogaumræður
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hvolpasveitin
**18.24** Unnar og vinur
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Martin Clunes og ljónið Mugie
**20.55** Bannorðið
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Frumherjar sjónvarpsins – Gamanþættir
**23.15** Erfingjarnir
**00.10** Kastljós
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** The Millers
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.55** Dr. Phil
**13.35** The Voice USA
**14.20** Scorpion
**15.05** Grandfathered
**15.25** Younger
**15.50** Crazy Ex-Girlfriend
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Superstore
**20.15** No Tomorrow
**21.00** Hawaii Five-0
**21.45** Shades of Blue
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Scandal

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin







*Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.*

IS OK 17 800




## Bifreiðaskoðanir

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi. Frá 2002 hefur Frumherji einnig séð um framkvæmd skriflegra og verklegra ökuprófa á Íslandi. Ökuprófin eru framkvæmd á 20 stöðum á landinu, sjá lista yfir prófstað á vefsíðu okkar www.frumherji.is

Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is




*- örugg bifreiðaskoðun um allt land*

# Veit núna allt um avókadó

**Hildur Rut Ingimarsdóttir** sendir frá sér matreiðslubók með uppskriftum sem allar innihalda avókadó. Bókin varð til sem lokaverkefni í námi í margmiðlunarhönnun.

Þetta er bara svo frábært hráefni á allan hátt," segir Hildur Rut Ingimarsdóttir, sem er að senda frá sér matreiðslubókina Avocado. Í bókinni er að finna uppskriftir sem allar eiga það sameiginlegt að innihalda avókadó, eða lárperu upp á íslensku, ásamt ýmsum upplýsingum um ávöxtinn.

Hildur Rut, sem er 28 ára gömul og starfar á skrifstofu fyrirtækjasviðs hjá Pennanum Eymundsson, segist alla tíð hafa haft mikinn áhuga á mat og matargerð. "Ég var bara krakki þegar ég byrjaði að baka og sem unglingur eldaði ég mikið, til dæmis fyrir foreldra mína. Þá var ég að prófa mig áfram með indverskan mat og fleira," útskýrir Hildur Rut og bætir við að hún búi svo sannarlega að því að hafa fengið að eyða miklum tíma í eldhúsinu á sínum æskuárum.

Hún segir bókina hafa orðið til þegar hún var í námi í margmiðlunarhönnun síðastliðið vor. Lokaverkefnið í náminu fólst í því að búa til bók. "Mér fannst sniðugt að gera matreiðslubók og einbeita mér að þessu eina hráefni sem gerir allan mat betri. Avókadó er ljúffengt og gott og auðvitað meinhollt með öllum helstu vítamínum og ég hef notað það mikið í minni matargerð, alveg frá því ég flutti að heiman og byrjaði að elda," segir Hildur Rut. Lokaverkefnið heppnaðist framar öllum vonum því hún fékk hæstu einkunn og kennarar hennar hvöttu hana í kjölfarið eindregið til að gefa bókina út. Sumrinu eyddi hún svo í að safna í bókina, bæta og breyta, og nú er afraksturinn orðinn að veruleika.

"Þetta hefur verið mjög spennandi og skemmtilegt ferli og ég veit núna heilmargt um avókadó sem ég hafði ekki hugmynd um áður," segir Hildur Rut, sem samdi textann í bókinni, tók myndir, sá um hönnun og fylgdi bókinni í gegnum prentferlið. Aðspurð segist hún hafa áhuga á því að fylgja bókinni eftir á einhvern hátt, en hefur þó ekki fastmótaðar hugmyndir um framhaldið. "Kannski gæti verið gaman að gera bók sem er tileinkuð einhverju öðru hráefni. Ég er með nokkrar hugmyndir, en þetta kemur allt í ljós," segir Hildur Rut.

**kjartang@frettabladid.is**




**Hildur Rut ásamt fjögurra ára syni sínum, Unnari Aðalsteini, sem borðaði mikið af avakadó á meðan mamma hans prófaði sig áfram með uppskriftir fyrir bókina.**



## Kjúklingabringur fylltar með avókadói

**Fyrir tvo**

Einfaldur og bragðgóður réttur sem smakkast frábærlega með kaldri sósu, kartöflum og góðu salati. Stökkar að utan og mjúkar að innan.

2 kjúklingabringur 1 avókadó 1 msk. safi úr sítrónu 1 egg 1 dl brauðrasp
Salt, pipar og cayenne-pipar

Blandið saman avókadói, sítrónusafa, salti og pipar. Gott er að nota töfrasprota, matvinnsluvél eða stappa saman með gaffli. Snyrtið kjúklinginn, skerið gat í miðja bringuna og fyllið með avókadóstöppunni. Hrærið egg í skál og hellið brauðraspinu á disk. Penslið kjúklinginn með egginu og veltið honum upp úr brauðraspi. Kryddið vel með uppáhaldskryddinu ykkar, ég nota salt, pipar og smá cayenne-pipar. Bakið í 30 til 40 mínútur við 190°C.

HAFIÐ 10 ára FISKVERSLUN

Fiskréttur vikunnar

31. október – 4. nóvember



Ýsuréttir í sósum

★1.790 kr. kg.

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook






Það er ekki að ástæðulausu sem nýr Honda Jazz fékk verðlaunin Besti bíllinn í sínum flokki af Euro NCAP! Í Jazz færðu ekki aðeins mesta fáanlega öryggi sem bíll í þessum stærðarflokki býður uppá! Þú færð einnig ríkulegan staðalbúnaði og eitt mesta rými fyrir farþega og farangur sem þekkist í bílum í þessum flokki! Ekki skemmir fyrir að Jazz er einstaklega hagkvæmur í rekstri en hann eyðir aðeins frá 4,6 L/100km í blönduðum akstri!* Jazz er frábær kostur fyrir þá sem vilja viðhaldslítinn og endingargóðan bíl en Jazz er fyrir löngu orðinn þekktur fyrir áræðanleika og hátt endursöluverð.

**Kynntu þér Jazz verðlaunabílinn frá Honda, einum áræðanlegasta bílaframleiðanda heims!**





## *Honda Jazz*

***kostar frá kr. 2.840.000***

*MEÐ SJÁLFSKIPTINGU*

BERNHARD

www.honda.is

**Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is**

**Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535**

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Helgu Völu Helgadóttur



## Drullusokkur eða örviti

Ég játa. Ég er mikil keppnismanneskja og á köflum ansi skapheit. Ég hrópa „rugl dómari“ og „þetta var augljós villa“ þegar þannig er gállinn á mér og finnst nærstöddum oft nóg um hávaðann úr stúkunni.

En eitt stilli ég mig þó um að gera. Ég segi aldrei að dómarinn eða leikmenn séu örvitar, drullusokkar eða skíthælar. Ég get verið ósammála dómaranum á meðan á keppni stendur en það veitir mér ekki nokkra heimild til að úthrópa hann eða leikmenn persónulega með níðyrðum.

Þannig hef ég einnig kosið að hegða mér gagnvart stjórnmálamönnum.

Ég get nefnilega verið ævintýralega mikil keppnismanneskja í pólitíkinni líka. Ég nánast hrópa á sjónvarpið þegar mér misbýður það sem mér finnst vera bull og vitleysa í máli stjórnmálamannsins, sprett fagnandi á fætur, líkt og gerðist þegar Áki norðanhetja birtist á skjánum á kosninganótt, sótbölva og hneykslast á því hvað fólki gengur til en tem mér það líka að níða ekki persónulega skóinn af fólki þó ég sé því ósammála.

Ég hef valið að kalla stjórnmálamenn ekki drullusokka eða örvita, já því þetta er val.

Við getum vel verið ósammála um strauma og stefnur í pólitíkinni, um áherslur og forgangsröðun, en það smættar alla umræðuna að viðhafa svona orðbragð á netinu og í daglegu tali. Hluti af lýðræðislegri þátttöku er nefnilega að geta skipst á skoðunum og ekki síður að miðla málum án þess „að fara í manninn“.

Prófum að vanda okkur smá næstu daga. Við sofnum sáttari á kvöldin og vöknum glaðari að morgni.







